

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Úttekt á gróðurfari og jarðvegsrofi





Landbótasjóður Norður-Héraðs

Úttekt á gróðurfari og jarðvegsrofi

Höfundar

Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Guðný H. Indriðadóttir,
Sigríður Þorvaldsdóttir og Hrafnkatla Eiríksdóttir og
Árdis Hrönn Jónsdóttir

Dagsetning

Desember 2023

Lykilsíða

Skýrsla LV nr	LV-2023-072	Dagsetning	Desember 2023
Fjöldi Síðna	161	Upplag	1
Dreifing	<input checked="" type="checkbox"/> Birt á vef LV	<input checked="" type="checkbox"/> Opin	<input type="checkbox"/> Takmörkuð til [Dags.]
Titill	Landbótasjóður Norðurs-Héraðs. Úttekt á gróðurfari og jarðvegsrofi.		
Höfundar/fyrirtæki	Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Guðný H. Indriðadóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir, Hrafnkatla Eiríksdóttir og Árdís Hrönn Jónsdóttir.		
Verkefnisstjóri	Ásrún Elmarsdóttir		
Unnið fyrir	Landsvirkjun		
Samvinnuaðilar	—		
Útdráttur	<p>Frá árinu 2003 hefur verið unnið að uppgræðslu lands á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs en sjóðurinn var stofnaður af sveitarfélaginu Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar. Markmið sjóðsins er að græða upp land til jafns við það sem tapaðist undir Háslón. Að beiðni Landsvirkjunar gerði Landgræðslan úttekt á gróðurfari og jarðvegsrofi á svæðunum árið 2022 og 2023 með það að markmiði að meta árangur af uppgræðslustarfinu. Kortlagningin náði til 6.669 ha. Uppgræðslu er lokið á 606 ha en frekari aðgerða er þörf á stærstum hluta svæðisins.</p>		
Lykilorð	Austurland, Fljótaldalssvæði, kortlagning, landgræðsla, gróður		

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar



Landbótasjóður Norður-Héraðs.
Úttekt á gróðurfari og jarðvegsrofi



Landgræðslan 2023

Lg 2023/08



Landgræðslan

Skýrsla nr. Lg 2023/08

Tilvísun nr. 2020-656 – 21.2

Dagsetning 12. desember 2023

Fjöldi blaðsíðna 161

Forsíðumynd Elín Fjóla Þórarinsdóttir

Heiti Landbótasjóður Norður-Héraðs. Úttekt á gróðurfari og jarðvegsrofi.

Höfundar Elín Fjóla Þórarinsdóttir, Guðný H. Indriðadóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir, Hrafnkatla Eiríksdóttir og Árdís Hrönn Jónsdóttir

Verkefnisstjóri Elín Fjóla Þórarinsdóttir

Unnið fyrir Landsvirkjun

Útdráttur Landbótasjóður Norður-Héraðs hefur á undanförunum árum unnið að uppgræðslu á mörgum svæðum, allt frá áreyrum Jöklu og inn undir Háslón sem mótvægisáðgerð vegna umhverfisáhrifa af völdum Kárahnjúkavirkjunar. Að beiðni Landsvirkjunar vann Landgræðslan að úttekt á gróðurfari og jarðvegsrofi á þessum uppgræðslusvæðum og voru 13 af 22 svæðum kortlögð sumarið 2022 og 9 svæði sumarið 2023. Markmiðið var að meta árangur af uppgræðslustarfi og þörf á frekari áðgerðum en einnig að meta ástand svæðanna í heild. Heildarstærð kortlögðu svæðanna er 6.669 ha og niðurstöður kortlagningarinnar sýna að uppgræðslu er lokið á 606 ha og á 609 ha er uppgræðslustarfi að mestu lokið. Á 4.620 ha lands þarf ósamfellt viðhald á uppgræðslum en 538 ha þarfnast árlegs viðhalds næstu ár. Uppgræðslur höfðu skemmst, aðallega vegna vatnságangs á 169 ha og engar uppgræðslur eru á 127 ha af þeim svæðum sem voru kortlögð.

Efnisorð

Landbótasjóður Norður-Héraðs, kortlagning, gróðurþekja, jarðvegsrof, uppgræðslur, uppgræðslumat.

Elín Fjóla Þórarinsdóttir

Undirskrift verkefnisstjóra

Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	1
2 Vettvangsúttekt og flokkunarkerfi	4
3 Lýsing svæða og helstu niðurstöður kortlagningar	5
3.1 Svæði 1 – Áreyrar Jöklu.....	6
3.1.1 Hólmatunga	6
3.1.2 Bláeyri.....	11
3.1.3 Galtastaðaeýrar ytri	13
3.1.4 Galtastaðaeýrar syðri	17
3.1.5 Breiðamörk	21
3.1.6 Surtstaðaeýrar – Hallgeirsstaðir	23
3.1.7 Litlibakki	27
3.1.8 Hrafnabjörg.....	31
3.1.9 Fossvellir/Veiðieyri	33
3.2 Svæði 2 – Jökuldalsheiði.....	34
3.2.1 Jökuldalsheiði - niðurstöður.....	36
3.3 Svæði 3 – Sænautasel.....	40
3.3.1 Sænautasel - niðurstöður.....	42
3.4 Svæði 4 – Grunnavatnsalda.....	45
3.4.1 Grunnavatnsalda - niðurstöður.....	48
3.5 Svæði 5 – Brú á Jökuldal.....	52
3.5.1 Brú – niðurstöður	55
3.6 Svæði 6 – Vaðbrekka	60
3.6.1 Vaðbrekka - niðurstöður	61
3.7 Svæði 7 – Hrafnkelsdalur	63
3.7.1 Hrafnkelsdalur – niðurstöður	65
3.8 Svæði 8 – Skænudalur	68
3.8.1 Skænudalur - niðurstöður.....	70
3.9 Svæði 9 – Faxahús	74
3.9.1 Faxahús – niðurstöður.....	75
3.10 Svæði 10 – Glúmsstaðadalur.....	80
3.10.1 Glúmsstaðadalur - niðurstöður	81

3.11 Svæði 11 – Laugarvellir	84
3.11.1 Laugarvellir - niðurstöður	86
3.12 Svæði 12 – Laugarvalladalur.....	88
3.12.1 Laugarvalladalur - niðurstöður.....	91
3.13 Svæði 13 – Hallarfjall.....	95
3.13.1 Hallarfjall - niðurstöður	96
3.14 Svæði 14 – Teigasel	101
3.14.1 Teigasel - niðurstöður	103
3.15 Svæði 15 – Hnefilsdalur	106
3.15.1 Hnefilsdalur - niðurstöður.....	108
3.16 Svæði 16 – Mælivellir.....	112
3.16.1 Mælivellir - niðurstöður	114
3.17 Svæði 17 – Merki	119
3.16.1 Merki - niðurstöður.....	121
3.18 Svæði 18 – Klaustursel	124
3.16.1 Klaustursel - niðurstöður.....	126
3.19 Svæði 19 – Eiríksstaðir	129
3.19.1 Eiríksstaðir - niðurstöður.....	132
3.20 Svæði 20 – Hákonarstaðir	135
3.20.1 Hákonarstaðir - niðurstöður	137
3.21 Svæði 21 – Skjöldólfsstaðir	140
3.21.1 Skjöldólfsstaðir - niðurstöður	142
3.22 Svæði 22 – Arnórsstaðamúli.....	145
3.22.1 Arnórsstaðamúli - niðurstöður	148
4 Samantekt á niðurstöðum	151
Heimildir.....	154
VIÐAUKI I.....	155
VIÐAUKI II.....	158

Myndir

Mynd 1. Uppgræðslusvæði við Hólmatungu. Mynd a) algróið svæði þar sem uppgræðslu er lokið, mynd b) vel gróið svæði þar sem uppgræðslu er að mestu lokið. 6

Mynd 2. Hálfgróin uppgræðslusvæði við Hólmatungu. Mynd a) gróðurþekja 51-66%, mynd b) gróðurþekja 33-50%.....	7
Mynd 3. Horft til suðvesturs yfir hálfgróin uppgræðslusvæði við Hólmatungu (hægra megin á mynd).	8
Mynd 4. Horft til vesturs yfir uppgræðslusvæði við Hólmatungu, hálfgróin svæði næst en vel gróin svæði fjær.....	8
Mynd 5. Uppgræðslusvæði við Bláeyri á áreyrum Jöklu. Mynd a) hálfgróið svæði þar sem lúpína og víðir eru að dreifa úr sér, mynd b) vel gróið svæði þar sem víðir er áberandi.....	12
Mynd 6. Uppgræðslusvæði austast á Galtastaðeyrum ytri. Mynd a) vel gróið svæði þar sem uppgræðslu er lokið, mynd b) hálfgróið svæði með gróðurþekju yfir 50%.	14
Mynd 7. Uppgræðslusvæði á Galtastaðeyrum ytri. Mynd a) hálf gróið svæði með < 50% gróðurþekju, mynd b) lítið gróið svæði þar sem uppgræðslur eiga töluvert langt í land.	14
Mynd 8. Uppgræðslusvæði á Galtastaðeyrum syðri. Mynd a) algróið svæði, mynd b) hálfgróið svæði.	18
Mynd 9. Mynd a) lítið grónar áreyrar vestast á Galtastaðeyrum þar sem áin hefur flæmst yfir uppgræðslur. Mynd b) melgresi nyrst á eyrunum.	18
Mynd 10. Horft suður yfir rýrt gróðurlendi á uppgræðslusvæði við Breiðumörk, vestan Jöklu.	21
Mynd 11. Horft til norðausturs yfir uppgræðslusvæði við Breiðumörk, austan Jöklu.	21
Mynd 12. Samsett mynd sem sýnir nyrðra uppgræðslusvæðið vestan við Jöklu sem er nokkuð vel gróið.	23
Mynd 13. Syðra uppgræðslusvæðið vestan við Jöklu sem er lítið gróið og hentar illa til uppgræðslu. ..	24
Mynd 14. Nyrðra uppgræðslusvæðið austan við Jöklu þar sem áin hefur flæmst yfir og skemmt uppgræðslur.	24
Mynd 15. Hálfgróin svæði á syðra uppgræðslusvæðinu austan við Jöklu.....	25
Mynd 16. Lítið grónar áreyrar þar sem uppgræðslur hafa skemmt á syðra uppgræðslusvæðinu austan við Jöklu.	25
Mynd 17. Uppgræðslusvæði undir hlíðinni sem er frá því að vera hálfgróið yfir í vel gróið.	28
Mynd 18. Horft til suðurs yfir uppgræðslusvæðið við Litlabakka. Vel gróin svæði hægra megin en lítt eða ógróin vinstra megin á mynd þar sem Jökla hefur flæmst yfir.....	28
Mynd 19. Horft til suðurs yfir algróið land þar sem uppgræðslu er lokið á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg.	31
Mynd 20. Hálfgróin uppgræðslusvæði við Hrafnabjörg þar sem lífræn jarðvegsskán er áberandi.	31
Mynd 21. Horft yfir að farvegi Jöklu þar sem áin hefur breytt farvegi sínum og skemmt uppgræðslur á allstóru svæði.	32
Mynd 22. Rofabarðasvæði við Hringveginn á Jökuldalsheiði, annars vegar börð grædd með heyrúllum (mynd a) og hins vegar opin börð þar sem heyi hefur ekki verið dreift.	34
Mynd 23. Uppgræðslusvæði við Hringveginn á Jökuldalsheiði. Hálfgróið svæði (mynd a) og algróið svæði þar sem uppgræðslu er lokið (mynd b).....	34
Mynd 24. Uppgræðslur með mismikilli gróðurþekju á melum meðfram Möðrudalsleið á Jökuldalsheiði.	35
Mynd 25. Rofabörð í gömlum gróðurtorfum á uppgræðslusvæðinu meðfram Möðrudalsleið á Jökuldalsheiði.....	35

Mynd 26. Horft til suðurs yfir vel grónar uppgræðslur við Sænautasel þar sem uppgræðslu er að mestu lokið.	40
Mynd 27. Vel gróin uppgræðslusvæði við Sænautasel þar sem lífræn jarðvegsskán er áberandi í sverði. Mynd a) horft til suðvesturs, mynd b) horft til norðurs.	40
Mynd 28. Hálfgróin uppgræðslusvæði þar sem gróðurþekja er yfir 50%. Mynd a) horft til suðvesturs, mynd b) horft til suðvesturs.	41
Mynd 29. Hálfgróin uppgræðslusvæði þar sem gróðurþekja er undir 50%. Mynd a) horft til austurs, mynd b) horft til norðurs.	41
Mynd 30. Rofabörð við austurjaðar uppgræðslusvæðisins við Sænautasel.	42
Mynd 31. Rofabörð við jaðra mela á Grunnvatnsöldu, norðan (mynd a) og austan Ánavatns (mynd b).	45
Mynd 32. Vel gróin uppgræðslusvæði á Grunnvatnsöldu þar sem lífræn jarðvegsskán er áberandi.	46
Mynd 33. Hálfgróin uppgræðslusvæði á Grunnvatnsöldu þar sem gróðurþekjan er 51-67%.	46
Mynd 34. Hálfgróin uppgræðslusvæði á Grunnvatnsöldu þar sem gróðurþekjan er 34-50%.	47
Mynd 35. Lítið gróið svæði á Grunnvatnsöldu þar sem árlegt viðhald er nauðsynlegt til að viðhalda þeim gróðri sem kominn er.	47
Mynd 36. Rofabörð á uppgræðslusvæðum við Brú.	52
Mynd 37. Uppgræðslusvæði við Brú, annars vegar niður undir Jöklu þar sem uppgræðslu er lokið (mynd a) og hins vegar suður af Svínabúðalæk þar sem uppgræðslu er að mestu lokið (mynd b).	52
Mynd 38. Horft til suðurs yfir misvel grónar uppgræðslur þar sem gróðurþekjan fer frá 10-33% á melnum lengst til hægri á mynd yfir í 51-67% lengst til vinstri.	53
Mynd 39. Hálfgróinn melur í Vörðuhrauni en fjær er rofabarðasvæði austan við Þverá þar sem unnið hefur verið að uppgræðslu.	53
Mynd 40. Hálfgróinn melur austan við Dysjar þar sem gróðurþekjan er 51-67% til suðurs (mynd a) en 34-50% til norðurs (mynd b).	53
Mynd 41. Uppgræðslusvæði milli Dysja og Reykjarár. Mynd a) horft til suðurs yfir stórt svæði þar sem uppgræðslu er að mestu lokið. Mynd b) horft til suðausturs yfir á hálfgróin uppgræðslusvæði með gróðurþekju 51-67%. Mynd c) horft til norðausturs yfir á hálfgróin svæði með lítilsháttar rofabörðum.	54
Mynd 42. Lífræn jarðvegsskán farin að myndast á uppgræðslusvæði í nágrenni Dysja en þekja hennar slitrótt.	55
Mynd 43. Uppgræðslusvæði suður með Reykjará, annars vegar algróið svæði þar sem uppgræðslu er lokið (mynd a) og hins vegar hálfgróið svæði sem þarf ósamfellt viðhald (mynd b).	55
Mynd 44. Horft til norðausturs yfir hlíðar Vaðbrekkuháls, Jökuldalsmegin. Vel gróin uppgræðslusvæði en talsvert af rofabörðum.	60
Mynd 45. Algróin svæði í hlíðunum framan í Hálsenda þar sem uppgræðslu telst lokið.	60
Mynd 46. Uppgræðslusvæði í hlíðum Hálsenda, hálfgróin svæði nær en vel gróin svæði með rofabörðum fjær.	61
Mynd 47. Algróin uppgræðslusvæði í dalbotni Hrafnkelsdals þar sem uppgræðslu telst lokið.	63
Mynd 48. Vel gróin uppgræðslusvæði með lítilsháttar dílarofi (mynd a) og rofabörðum (mynd b) þar sem uppgræðslu er að mestu lokið.	64
Mynd 49. Næst er hálfgróinn melur en fjær vel gróin svæði með rofabörðum í hlíðum Hrafnkelsdals. ...	64

Mynd 50. Uppgræðslusvæði á áreyrum Hrafnkelu sunnarlega í Hrafnkelsdal þar sem áin hefur flæmst yfir uppgræðslur að hluta.	65
Mynd 51. Uppgræðslusvæðið í Skænudal, sléttir, lítið grýttir melar vestast (mynd a) og grýtt melasvæði í hlíðum austast (mynd b).	68
Mynd 52. Dæmi um vel gróin svæði í Skænudal, rofabarðasvæði í gömlum gróðurtorfum (mynd a), við lækjarfarveg (mynd b) og uppgræðslusvæði á mel þar sem aðgerðum er að mestu lokið (mynd c). ...	68
Mynd 53. Dæmi um hálfgróin svæði í Skænudal þar sem gróðurþekjan er 51-66%.....	69
Mynd 54. Dæmi um hálfgróin svæði í Skænudal þar sem gróðurþekjan er 34-50%.....	69
Mynd 55. Dæmi um lítið gróin svæði í Skænudal þar sem uppgræðsla er stutt á veg komin og gróðurþekjan einungis 11-33%.	70
Mynd 56. Vel grónir melar á uppgræðslusvæðinu við Faxahús þar sem lífræn jarðvegsskán er áberandi.	74
Mynd 57. Hálfgrónir melar á uppgræðslusvæðinu við Faxahús. Annars vegar með yfir 50% þekju (mynd a) og hins vegar með undir 50% þekju (mynd b).	74
Mynd 58. Vel gróin svæði í hlíðum á norðurhluta uppgræðslusvæðisins við Faxahús, þar sem mosi er áberandi.	75
Mynd 59. Horft til norðausturs yfir hálfgrónar hlíðar sunnan við Faxagil.	75
Mynd 60. Uppgræðslur á melum í Glúmstaðadal sem eru frá því að vera hálfgrónir (mynd a) yfir í algrónir (mynd b).	81
Mynd 61. Rýrt mólendi sem er talsvert rofið bæði af dílarofi (mynd a) og rofabörðum (mynd b).	81
Mynd 62. Horft yfir uppgræðslur á melum og rýru mólendi með rofabörðum við Laugarvelli.	84
Mynd 63. Vel grónar uppgræðslur á melum við Laugarvelli.	85
Mynd 64. Hálfgróin uppgræðslusvæði við Laugarvelli, annars vegar melasvæði (mynd a) og hins vegar rýr mólendi með rofabörðum (mynd b).	85
Mynd 65. Lítið gróinn melur syðst á uppgræðslusvæðinu á Laugarvöllum.	86
Mynd 66. Hálfgróin svæði sunnan Vesturdalsár í Laugarvalladal, á suðurhlutanum er melgresi áberandi og dálítill rofabörð (mynd a) en nyrst melasvæði með lífrænni jarðvegsskán (mynd b)	89
Mynd 67. Hálfgróin svæði norðan Vesturdalsár í Laugarvalladal þar sem gróðurþekjan er að jafnaði 34-50%.....	89
Mynd 68. Hálfgróin svæði norðan Vesturdalsár þar sem gróðurþekjan er að jafnaði 51-66%.	90
Mynd 69. Misvel gróin uppgræðslusvæði í Laugarvalladal. Allt frá lítið grónum mel (mynd a) yfir í vel gróið mólendi annars vegar sunnan Vesturdalsár (mynd b) og hins vegar norðan árinna (mynd c). ...	90
Mynd 70. Horft til norðurs yfir uppgræðslusvæðið við Hallarfjall.	95
Mynd 71. Lítið grónir melar á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall, annars vegar norður undir Skógarhálsi þar sem engin skán er í sverði (mynd a) og hins vegar vestan við Hallarfjall þar sem eru blettir af skán (mynd b).	95
Mynd 72. Hálfgrónir melar á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall þar sem gróðurþekja er að jafnaði undir 50%, annars vegar norður við Skógarháls (mynd a) og hins vegar vestan við Hallarfjall (mynd b).	96
Mynd 73. Horft yfir lítið gróna og hálfgróna mela í átt að vel grónu en rýru mólendi meðfram Hallarfjalli.	96
Mynd 74. Horft frá Kálfafelli til norðurs eftir mosagrónum melum á uppgræðslusvæði Teigasels.	101

Mynd 75. Algróin svæði þar sem uppgræðslu er lokið, við Kálfafell (mynd a) og við slóða upp með Teigará (mynd b).	101
Mynd 76. Vel gróin svæði þar sem uppgræðslu er að mestu lokið. Mynd a) horft til suðausturs að Tindafelli, mynd b) við slóða á svæði austan Kálfafells.....	102
Mynd 77. Uppgræðslusvæði í landi Teigasels, annars vegar hálf gróin svæði á Kálfafelli (mynd a) og hins vegar lítið gróin svæði á melum ofan Jökuldalsvegar eystri (mynd b).	102
Mynd 78. Horft niður eftir uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal sem einkennist af melum og rýru mólendi.	107
Mynd 79. Vel grónir melar neðarlega á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal, annars vegar þar sem uppgræðslu er lokið (mynd a) og hins vegar að mestu lokið nema í rofabörðum (mynd b).....	107
Mynd 80. Vel gróin svæði, annars vegar á melum (mynd a) og hins vegar rýru mólendi (mynd b).	108
Mynd 81. Hálfgrónir melar á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal, annars vegar með gróðurþekju 51-66% (mynd a) og hins vegar með gróðurþekju 34-50% (mynd b).	108
Mynd 82. Horft til norðausturs niður eftir uppgræðslusvæðinu á Mælivöllum, í forgrunni er vel gróið svæði þar sem uppgræðslu telst lokið.	113
Mynd 83. Algróin svæði þar sem uppgræðslu er lokið, annars vegar á áreyrum Jöklu (mynd a) og hins vegar á mosagrónum mel hátt í hlíðum Hnefils (mynd b).....	113
Mynd 84. Vel gróið svæði í hlíðum Hnefils þar sem uppgræðslu er að mestu lokið.	114
Mynd 85. Uppgræðslur efst á Mælivallasvæðinu (mynd a) þar sem lífræn jarðvegsskán er nokkuð áberandi og er m.a. langt komin með að loka gömlum dílarofssárum (mynd b).....	114
Mynd 86. Horft til norðurs yfir uppgræðslusvæðið í landi Merkis sem einkennist af melum og rofabörðum við jaðra melanna.....	119
Mynd 87. Vel gróinn melur við Stóralæk (mynd a) og lítt gróinn melur nokkru vestar á svæðinu (mynd b).	119
Mynd 88. Dæmi um hálf gróna mela á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis þar sem gróðurþekjan er á bilinu 34-67%.	120
Mynd 89. Rofabörð á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis.....	120
Mynd 90. Horft til norðurs yfir nyrsta hluta uppgræðslusvæðisins í landi Merkis þar sem skiptast á hálfgrónir melar og vel gróin svæði þar sem mosi og lífræn jarðvegsskán eru áberandi.	121
Mynd 91. Horft til norðausturs niður eftir uppgræðslusvæðinu í Klausturseli, í forgrunni eru hálfgrónir melar en fjær vel gróin svæði niður með Víðidalsá.	124
Mynd 92. Vel gróin svæði þar sem uppgræðslu er að mestu lokið, annars vegar í hlíðinni upp með Víðidalsá (mynd a) og hins vegar uppi í heiðarbrúninni norðvestan til (mynd b).	124
Mynd 93. Hálf grónir melar sem eru einkennandi fyrir uppgræðslusvæðið í Klausturseli.	125
Mynd 94. Rofabörð við austurjaðar uppgræðslusvæðisins í Klausturseli og lengst til hægri á mynd er horft yfir á lítið gróna mela.	125
Mynd 95. Talsverður sandur er í sverði á afmörkuðu svæði sunnarlega á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli.	125
Mynd 96. Mynd tekin með dróna þar sem horft til norðausturs yfir uppgræðslusvæðið í landi Eiríksstaða sem er vestur undir Þverá.	130
Mynd 97. Myndir teknar með dróna þar sem horft til norðurs yfir uppgræðslusvæði á mel vestur undir Þverá (mynd a) og niður á jaðar gróðurlendisins vestast á uppgræðslusvæðinu (mynd b).	130

Mynd 98. Vel gróin svæði þar sem uppgræðslu er lokið í landi Eiríksstaða, annars vegar á mel upp með Brúará (mynd a) og hins vegar neðan Jökuldalsvegur, við Jöklu (mynd b).	131
Mynd 99. Vel gróin svæði upp með Búðará þar sem uppgræðslu er að mestu lokið.	131
Mynd 100. Hálfgróið svæði norðarlega á melnum við Búðará (mynd a) og lítið gróið, talsvert grýtt svæði austast í melnum (mynd b).	131
Mynd 101. Horft til norðausturs yfir uppgræðslusvæðið sunnan Hnjúksvatns í landi Hákonarstaða.	136
Mynd 102. Horft yfir vel gróin svæði í hlíðum uppgræðslusvæðisins sunnan Hnjúksvatns.	136
Mynd 103. Hálf grónir melar á uppgræðslusvæði Hákonarstaða þar sem gróðurpekja er 51-66%.	137
Mynd 104. Hálfgrónir melar með <50% gróðurpekju austast á svæðinu (mynd a) og rofsvæði rétt austan skála við Hnjúksvatn (mynd b).	137
Mynd 105. Horft til suðurs yfir uppgræðslusvæðið á melunum við Gilsá.	140
Mynd 106. Hálfgrónir melar sem eru dæmigerðir fyrir uppgræðslusvæðið í landi Skjöldólfsstaða.	141
Mynd 107. Horft til norðausturs yfir uppgræðslur á melum í landi Skjöldólfsstaða. Rofabarðasvæði með talsverðu rofi fyrir miðri mynd.	141
Mynd 108. Horft til norðurs yfir lítið gróin uppgræðslusvæði á Jökuldalsheiði, í landi Arnórsstaða.	145
Mynd 109. Horft til norðvestur yfir hálf gróin uppgræðslusvæði í landi Arnórsstaða.	145
Mynd 110. Lítið gróinn melur efst á uppgræðslusvæðinu í Arnórsstaðamúla.	146
Mynd 111. Hálf gróin uppgræðslusvæði í landi Arnórsstaða.	146
Mynd 112. Vel gróin svæði neðarlega í Arnórsstaðamúla (mynd a) og suður með Jökuldalsvegi (mynd b).	147
Mynd 113. Algróin svæði norðan Gilsár (mynd a) og milli hálfgróinna mela sunnan Gilsár (mynd b).	147
Mynd 114. Svæði þar sem uppgræðslur hafa eyðilagst vegna vegagerðar við nýjan Jökuldalsveg.	147

Kort

Kort 1. Kortið sýnir uppgræðslusvæði á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs á áreyrum Jöklu sem kortlögð voru sumarið 2022.	2
Kort 2. Kortið sýnir uppgræðslusvæði á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs frá Jökuldal og inn undir Háslón sem kortlögð voru 2022 og 2023. Heiðarsvæði (svæði 2-12) eru gul og bændasvæði (svæði 14-22) eru blá.	3
Kort 3. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu í Hólmatungu á áreyrum Jöklu skv. kortlagningu 2022.	9
Kort 4. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Hólmatungu á áreyrum Jöklu skv. kortlagningu 2022.	9
Kort 5. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Hólmatungu á áreyrum Jöklu skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	10
Kort 6. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Hólmatungu á áreyrum Jöklu skv. kortlagningu 2022.	11
Kort 7. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu á Bláeyri skv. kortlagningu 2022.	12
Kort 8. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu á Bláeyri skv. kortlagningu 2022.	12
Kort 9. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Bláeyri skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	13
Kort 10. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Bláeyri skv. kortlagningu 2022.	13

Kort 11. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðeyrum ytri skv. kortlagningu 2022.	15
Kort 12. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðeyrum ytri skv. kortlagningu 2022.	15
Kort 13. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðeyrum ytri skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	16
Kort 14. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðeyrum ytri skv. kortlagningu 2022.	17
Kort 15. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðeyrum syðri skv. kortlagningu 2022.	19
Kort 16. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðeyrum syðri skv. kortlagningu 2022.	19
Kort 17. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðeyrum syðri skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	20
Kort 18. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðeyrum syðri skv. kortlagningu 2022.	20
Kort 19. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu við Breiðumörk skv. kortlagningu 2022.	22
Kort 20. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Breiðumörk skv. kortlagningu 2022.	22
Kort 21. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Breiðumörk skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	23
Kort 22. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Breiðumörk skv. kortlagningu 2022.	23
Kort 23. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu Surtstaðeyrar/Hallgeirsstaðir skv. kortlagningu 2022.	26
Kort 24. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu Surtstaðeyrar/Hallgeirsstaðir skv. kortlagningu 2022.	26
Kort 25. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu Surtstaðeyrar/Hallgeirsstaðir skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	27
Kort 26. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu Surtstaðeyrar/Hallgeirsstaðir skv. kortlagningu 2022.	27
Kort 27. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu við Litlabakka skv. kortlagningu 2022.	29
Kort 28. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Litlabakka skv. kortlagningu 2022.	29
Kort 29. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Litlabakka skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	30
Kort 30. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Litlabakka skv. kortlagningu 2022.	30
Kort 31. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg skv. kortlagningu 2022.	32
Kort 32. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg skv. kortlagningu 2022.	32
Kort 33. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	33
Kort 34. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg skv. kortlagningu 2022.	33
Kort 35. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðunum á Jökuldalsheiði skv. kortlagningu 2022.	36
Kort 36. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðunum á Jökuldalsheiði skv. kortlagningu 2022.	37
Kort 37. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðunum á Jökuldalsheiði skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	38
Kort 38. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðunum á Jökuldalsheiði skv. kortlagningu 2022.	39
Kort 39. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu við Sænautasel skv. kortlagningu 2022.	42
Kort 40. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Sænautasel skv. kortlagningu 2022.	43

Kort 41. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Sænautasel skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	44
Kort 42. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Sænautasel skv. kortlagningu 2022.	45
Kort 43. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðunum á Grunnvatnsöldu skv. kortlagningu 2022.	48
Kort 44. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðunum á Grunnvatnsöldu skv. kortlagningu 2022.	49
Kort 45. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Grunnvatnsöldu skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	50
Kort 46. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Grunnvatnsöldu skv. kortlagningu 2022.	51
Kort 47. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðunum við Brú skv. kortlagningu 2022.	56
Kort 48. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðunum við Brú skv. kortlagningu 2022.	57
Kort 49. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Brú skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	58
Kort 50. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Brú skv. kortlagningu 2022.	59
Kort 51. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Vaðbrekku skv. kortlagningu 2022.	61
Kort 52. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Vaðbrekku skv. kortlagningu 2022.	62
Kort 53. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Vaðbrekku skv. kortlagningu 2022.	63
Kort 54. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Hrafnkelsdal skv. kortlagningu 2022.	66
Kort 55. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Hrafnkelsdal skv. kortlagningu 2022.	66
Kort 56. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Hrafnkelsdal skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	67
Kort 57. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Hrafnkelsdal skv. kortlagningu 2022.	67
Kort 58. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022.	71
Kort 59. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022.	71
Kort 60. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	72
Kort 61. Grjót á yfirborði á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022.	73
Kort 62. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022.	73
Kort 63. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.	76
Kort 64. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.	77
Kort 65. Lífræn jarðvegsskán á uppgræðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.	78
Kort 66. Grjót á yfirborði á uppgræðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.	79
Kort 67. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.	80
Kort 68. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Glúmstaðadal skv. kortlagningu 2022.	82
Kort 69. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Glúmstaðadal skv. kortlagningu 2022.	82
Kort 70. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Glúmstaðadal skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	83
Kort 71. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Glúmstaðadal skv. kortlagningu 2022.	84
Kort 72. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu á Laugarvöllum skv. kortlagningu 2022.	86

Kort 73. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu á Laugarvöllum skv. kortlagningu 2022.	87
Kort 74. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Laugarvöllum skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	87
Kort 75. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Laugarvöllum skv. kortlagningu 2022.	88
Kort 76. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Laugarvalladal skv. kortlagningu 2022.	91
Kort 77. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Laugarvalladal skv. kortlagningu 2022.	92
Kort 78. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Laugarvalladal skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	93
Kort 79. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Laugarvalladal skv. kortlagningu 2022.	94
Kort 80. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall skv. kortlagningu 2022.	97
Kort 81. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall skv. kortlagningu 2022.	98
Kort 82. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.	99
Kort 83. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall skv. kortlagningu 2022.	100
Kort 84. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Teigaseli skv. kortlagningu 2023.	103
Kort 85. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Teigaseli skv. kortlagningu 2023.	104
Kort 86. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Teigaseli skv. kortlagningu 2023.	105
Kort 87. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Teigaseli skv. kortlagningu 2023.	106
Kort 88. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal skv. kortlagningu 2023.	109
Kort 89. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal skv. kortlagningu 2023.	110
Kort 90. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal skv. kortlagningu 2023.	111
Kort 91. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal skv. kortlagningu 2023.	112
Kort 92. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu á Mælivöllum skv. kortlagningu 2023.	115
Kort 93. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu á Mælivöllum skv. kortlagningu 2023.	116
Kort 94. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Mælivöllum skv. kortlagningu 2023 og laus sandur á yfirborði.	117
Kort 95. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Mælivöllum skv. kortlagningu 2023.	118
Kort 96. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis skv. kortlagningu 2023.	121
Kort 97. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis skv. kortlagningu 2023.	122
Kort 98. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Merki skv. kortlagningu 2023. .	123
Kort 99. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis skv. kortlagningu 2023.	123
Kort 100. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli skv. kortlagningu 2023.	126
Kort 101. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli skv. kortlagningu 2023.	127
Kort 102. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli skv. kortlagningu 2023 og laus sandur á yfirborði.	128
Kort 103. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli skv. kortlagningu 2023.	129

Kort 104. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðunum í landi Eiríksstaða skv. kortlagningu 2023.	132
Kort 105. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðunum í landi Eiríksstaða skv. kortlagningu 2023.	133
Kort 106. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðunum í landi Eiríksstaða skv. kortlagningu 2023 og laus sandur á yfirborði.	134
Kort 107. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðunum í landi Eiríksstaða skv. kortlagningu 2023.	135
Kort 108. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu í landi Hákonarstaða skv. kortlagningu 2023.	138
Kort 109. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í landi Hákonarstaða skv. kortlagningu 2023.	138
Kort 110. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í landi Hákonarstaða skv. kortlagningu 2023 og laus sandur á yfirborði.	139
Kort 111. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í landi Hákonarstaða skv. kortlagningu 2023.	140
Kort 112. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu í landi Skjöldólfsstaða skv. kortlagningu 2023.	142
Kort 113. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í landi Skjöldólfsstaða skv. kortlagningu 2023.	143
Kort 114. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar í landi Skjöldólfsstaða skv. kortlagningu 2023.	144
Kort 115. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í landi Skjöldólfsstaða skv. kortlagningu 2023.	144
Kort 116. Gróðurpekja á uppgræðslusvæðinu í landi Arnórsstaða skv. kortlagningu 2023.	148
Kort 117. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í landi Arnórsstaða skv. kortlagningu 2023.	149
Kort 118. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar í landi Arnórsstaða skv. kortlagningu 2023.	150
Kort 119. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í landi Arnórsstaða skv. kortlagningu 2023.	151

Töflur

Tafla 1. Samantekt á flatarmáli (ha) mismunandi flokka í uppgræðslumati fyrir landgræðslusvæði á áreyrum Jöklu sem kortlögð voru 2022.	152
Tafla 2. Samantekt á flatarmáli (ha) mismunandi flokka í uppgræðslumati fyrir landgræðslusvæði Landbótasjóðs Norður-Héraðs á heiðarsvæðum sem kortlögð voru 2022.	152
Tafla 3. Samantekt á flatarmáli (ha) mismunandi flokka í uppgræðslumati fyrir landgræðslusvæði Landbótasjóðs Norður-Héraðs, bændasvæði sem kortlögð voru 2023.	153


1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var settur á stofn árið 2002 af sveitarfélaginu Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar. Megin markmiðið var að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Háslón sem voru um 32 km² af grónu landi. Einnig stendur sjóðurinn að uppgræðslum á áreyrum Jökulsár sem í daglega tali er kölluð Jökla en með minnkun vatnsmagns í ánni jókst hætta á uppfoki á áreyrum. Unnið hefur verið að uppgræðslu á vegum sjóðsins frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu. Landgræðslan hefur átt fulltrúa í ráðgjafarnefnd sjóðsins sem hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati. Aðgerðir á vegum sjóðsins ná orðið yfir um 66 km² lands.


Markmið kortlagningarinnar er að meta hversu langt uppgræðsluaðgerðir eru komnar, leggja mat á þörf fyrir frekari aðgerðir á núverandi uppgræðslusvæðum og að meta ástand svæðisins í heild sinni. Niðurstaða kortlagningarinnar mun nýtast til áætlanagerðar fyrir uppgræðsluaðgerðir næstu árin.

Sumarið 2022 voru kortlögð 13 af þeim 22 svæðum þar sem unnið hefur verið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs (<https://www.sjalfbaerni.is/is/umhverfi/uppgraedsla-lands#> og <https://www.sjalfbaerni.is/is/skyrslur/arsskyrslur-landbotasjods-nordur-herads>). Þessi svæði eru *áreyrar Jöklu* sem skiptast í 9 undirsvæði (kort 1), og uppi á heiðum eru svæðin *Jökuldalsheiði, Sænautasel, Grunnavatnsalda, Brú á Jökuldal, Vaðbrekka, Hrafnkeldalur, Skænudalur, Faxahús, Glúmsstaðadalur, Laugarvellir, Laugarvalladalur* og *Hallarfall* (kort 2). Kortlagningin var unnin dagana 25.-29. júní og 22.-25. ágúst 2022 af starfskonum Landgræðslunnar, þeim Elínu Fjólu Þórarinsdóttur, Guðnýju H. Indriðadóttur, Hrafnkötlu Eiríksdóttur, Sigríði Þorvaldsdóttur og Árdísi Hrönn Jónsdóttur.

Sumarið 2023 voru svo hin 9 svæðin kortlögð, *Teigasel, Hnefildalur, Mælivellir, Merki, Klaustursel, Eiríksstaðir, Hákonarstaðir, Skjöldólfsstaðir og Arnórsstaðamúli* (kort 2) en það eru allt svæði þar sem bændur hafa fengið styrki úr Landbótasjóði Norður-Héraðs til að vinna að uppgræðslu á sínum jörðum. Kortlagningin var unnin dagana 14.-18. ágúst 2023 af starfskonum Landgræðslunnar, þeim Elínu Fjólu Þórarinsdóttur og Guðnýju H. Indriðadóttur.



Kort 1. Kortið sýnir uppgreðslusvæði á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs á áreyrum Jöklu sem kortlögð voru sumarið 2022.



Kort 2. Kortið sýnir uppgræðslusvæði á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs frá Jökuldal og inn undir Hálslón sem kortlögð voru 2022 og 2023. Heiðarsvæði (svæði 2-12) eru gul og bændasvæði (svæði 14-22) eru blá.

Hér á eftir er gerð grein fyrir ástandi og helstu einkennum gróðurlenda innan svæðisins. Ljósmyndir í skýrslunni voru teknar við vettvangsvinnuna.

2 Vettvangsúttekt og flokkunarkerfi

Kortlagningin á uppgræðslusvæðum Landbótasjóðs Norður-Héraðs var unnin skv. kortlagningarlykli Landgræðslunnar (viðauki I). Kortlagningarlykillinn byggir á því að skrá ástand landsins m.t.t. gróðurfars, jarðvegsrofs og annarra yfirborðspátta (Elín Fjóra Þórarinsdóttir 2014). Ríkjandi gróðurlendi eru skráð, gróðurþekja er metin og skráð hvort lykiltegundir í uppgræðslu finnast á svæðinu (t.d. melgresi, birki o.fl.). Jafnframt er skráð hversu grýtt yfirborðið er en þetta eru allt þættir sem mikilvægir eru við val á uppgræðsluaðferðum.

Við mat á jarðvegsrofi er notuð sama aðferðafræði og notuð var við heildarúttekt á jarðvegsrofi á Íslandi (Ólafur Arnalds o.fl. 1997) en þar er jarðvegsrof skilgreint sem „losun og flutningur yfirborðsefna sem spillir jarðvegi, hamlar eða gæti hamlað vexti gróðurs eða komið í veg fyrir að gróður nemi land í yfirborði jarðvegs“. Í rofkortlagningunni er bæði metið hvers konar rof er um að ræða (rofflokkar) og hversu mikið það er (rofkvarði). Rofkvarðinn er frá 0 og upp í 5 þar sem 0 þýðir ekkert rof en 5 stendur fyrir mjög mikið rof. Rofflokkunum má skipta í tvo hluta, annars vegar þeir sem tengjast gróðurlendum þ.e.; áfoksgæirar, rofabörð, dílarof, jarðsil, skriður og vatnsrof, og hins vegar rofflokkar á auðnum sem eru; melar, sandar, sandmelar, sandhraun, hraun, moldir og grjótskriður. Auk þess að meta jarðvegsrofið var hlutfall lausra efna á yfirborði metið en það gefur vísbendingar um hversu virkt rof er á svæðinu.

Auk hefðbundinnar kortlagningar var einnig lagt mat á það í vettvangsskoðuninni á hvaða stigi uppgræðslur eru, til að auðvelda áætlanagerð og forgagnsraða verkefnum. Uppgræðslusvæði eru metin m.a. út frá samsetningu gróðurs, gróðurþekju, myndun lífrænnar jarðvegsskánar og fleiri þátta sem gefa vísbendingar um hversu langt uppgræðsla er komin á svæðinu. Samkvæmt uppgræðslumatsskala Landgræðslunnar (viðauki II) er miðað við að uppgræðslur sem flokkast með ósamfellt viðhald þurfi áburð á 3-5 ára fresti. Við vettvangsvinnuna í sumar var merkt sérstaklega við þær uppgræðslur sem eru það langt komnar að líklegt má telja að svæðin þurfi einungis á einni til tveimur áburðargjöfum að halda næsta áratuginn til að uppgræðslu teljist lokið. Jafnframt eru nokkur svæði merkt sérstaklega þar sem byrjað hefur verið að vinna að uppgræðslu en þær hafa skemmst, yfirleitt vegna þess að vatn hefur flætt yfir þær og þessi svæði henta því illa til uppgræðslu. Í flestum tilfellum nær kortlagningin eingöngu til þeirra svæða þar sem unnið hefur verið að uppgræðslu en í nokkrum tilfellum eru svæði inni á milli uppgræðslna eða við jaðra þeirra einnig kortlögð.

Úttektin sem var gerð dagana 20.-24. júní og 22.-25. ágúst 2022 og 14.-18 ágúst 2023 fólst í vettvangsskoðun þar sem farið var um svæðin og þau metin með sjónmati og teknar ljósmyndir með GPS staðsetningu auk þess sem ljósmyndir voru teknar með dróna á nokkrum svæðum.

Til að afmarka einingar innan svæða í vettvangsskoðuninni voru innrauðar loftmyndir frá Loftmyndum notaðar sem grunnur við kortlagninguna og einnig gervitunglamyndir (grunnkort: Esri, Maxar, GeoEye, Earthstar Geographics, CNES/Airbus DS, USDA, USGS, AeroGRID, IGN, and the GIS User Community). Út frá vettvangsskoðuninni og fyrrnefndum gögnum voru teiknaðir flákar utan um svæði sem voru nokkuð einsleit hvað varðar gróðurfar, rof og aðra áhrifaþætti. Kortlagningin var unnin í mælikvarða 1 : 15.000.

3 Lýsing svæða og helstu niðurstöður kortlagningar

Uppgræðslusvæði Landbótasjóðs Norður Héraðs eru mörg og fjölbreytt enda dreifast þau allt frá áreyrum Jöklu við Héraðsflóa og upp að Háslóni. Hér á eftir verður því sett fram lýsing á hverju svæði fyrir sig í máli og myndum og jafnframt verða helstu niðurstöður kortlagningar sýndar á kortum.

Það er misjafnt eftir aðstæðum á hverju svæði hvaða niðurstöður eru sýndar á kortunum en *gróðurþekja* og *jarðvegsrof* eru alltaf sýnd enda eru það helstu lykilþættirnir í kortlagningunni. Sama má segja um *uppgræðslumatið* sem er einn megintilgangur þessarar kortlagningar. Aðrar helstu niðurstöður kortlagningarinnar er ýmist fjallað um í texta eða þær sýndar á korti eftir því hversu mikið vægi þær hafa á hverju svæði en það eru:

- *hlutfall sands á yfirborði* sem segir til um hversu stöðugt yfirborð viðkomandi svæðis er
- *grjót á yfirborði* sem segir til um hversu auðvelt viðkomandi svæði er yfirferðar og hefur því áhrif á það hvar og/eða hvernig unnið er að uppgræðslu
- *útbreiðsla lífrænar jarðvegsskánar* sem er einn af þeim mælikvörðum sem notaður er til að meta árangur uppgræðslu því skánin er mikilvægt skref í myndun jarðvegs, hún gerir yfirborðið stöðugt, minnkar líkur á frostlyftingu og ýtir undir landnám æðplantna (Belnap 2003; Ása L. Aradóttir o.fl. 2006).
- *útbreiðsla ýmissa vísitægunda* s.s. melgresis, víðis, birkis, lyngs og lúpínu en með því fást m.a. upplýsingar um það hvort fræbankar þessara tegunda, sem eru mikilvægar með tilliti til landgræðslu og gróðurframvindu, eru til staðar og þær gefa einnig vísbendingar um gróðurskilyrði almennt á svæðinu.

3.1 Svæði 1 – Áreyrar Jöklu

Á áreyrum Jöklu eru mörg uppgræðslusvæði og er þeim skipt upp og hverju þeirra lýst í máli og myndum og kort með niðurstöðum birt undir hverju svæði fyrir sig í undirköflum hér á eftir. Allvíða hafa orðið breytingar á farvegum Jöklu og þau svæði sem áin hefur flæmst yfir voru ekki kortlögð sem slík heldur flokkast þau sem skemmdar uppgræðslur. Það er sammerkt með öllum uppgræðslusvæðunum á áreyrunum að þau eru mjög lítið eða ekkert grýtt og almennt er ekki mikill laus sandur á yfirborði nema þá í farvegum þar sem Jökla hefur flæmst yfir.

3.1.1 Hólmatunga

Mikið hefur verið unnið að uppgræðslu á svæðinu og flokkast nærri helmingur þess ýmist sem algróinn og þar telst uppgræðslu lokið (mynd 1a), eða vel gróinn og þar eru uppgræðslur víða nokkuð langt komnar (mynd 1b) en þurfa mögulega enduráburðargjöf einu sinni til tvisvar á næstu 5-10 árum.



Mynd 1. Uppgræðslusvæði við Hólmatungu. Mynd a) algróið svæði þar sem uppgræðslu er lokið, mynd b) vel gróið svæði þar sem uppgræðslu er að mestu lokið.

Nærri helmingur svæðisins telst hálfgróinn og er meirihluti þess með yfir 50% þekju (mynd 2a) en um þriðjungur er með 34-50% þekju (mynd 2b).



Mynd 2. Hálfgróin uppgræðslusvæði við Hólmatungu. Mynd a) gróðurþekja 51-66%, mynd b) gróðurþekja 33-50%.

Einungis um 6 ha flokkuðust sem lítið grónir og 2 ha sem lítt eða ógrónir en þar er fyrst og fremst um að ræða áreyrar þar sem kvíslar Jöklu flæmast yfir í flóðum þannig að uppgræðslur hafa skemmst og þau svæði henta því ekki til uppgræðslu.

Ekki var farið um allt svæðið vegna kvísla sem þurfti að fara yfir og ennþá var nokkuð mikið í Jöklu. Sá hluti var kortlagður í kíkí og eftir drónamyndum (myndir 3 og 4).




Mynd 3. Horft til suðvesturs yfir hálfgróin uppgræðslusvæði við Hólmatungu (hægra megin á mynd).




Mynd 4. Horft til vesturs yfir uppgræðslusvæði við Hólmatungu, hálfgróin svæði næst en vel gróin svæði fjær.

Heildarstærð kortlagðasvæðisins er 224 ha. Það er að stórum hluta nokkuð vel gróið því 19 ha (8,5%) flokkast sem algróið og 92 ha (41,0%) sem vel gróið. Nærri helmingur svæðisins eða um 105 ha (46,9%) teljast hálfgrónir og þar af eru um 70 ha með 51-67% gróðurþekju. Um 6 ha (2,7%) flokkast sem lítið grónir og 2 ha (0,9%) sem lítt eða ógrónir (kort 3).

Almennt er lítið jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu því 8 ha (3,6%) flokkast með talsvert rof, um 39 ha (17,4%) flokkast með nokkurt rof og 177 ha (79%) með lítið rof (kort 4).




Kort 3. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Hólmatungu á áreyrum Jöklu skv. kortlagningu 2022.



Kort 4. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Hólmatungu á áreyrum Jöklu skv. kortlagningu 2022.


Almennt er yfirborð svæðisins stöðugt. Það má sjá annars vegar á því að lífræn jarðvegsskán er mjög útbreidd á uppgræðslusvæðunum og hins vegar á því að einungis á litlum svæðum þar sem Jökla hefur flæmst yfir er hlutfall af lausum sandi á yfirborði >10% (kort 5).



Kort 5. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Hólmatungu á áreyrum Jöklu skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir er útbreiddur á svæðinu og vex víðast hvar í eyjum eða jafnvel breiðum og á vesturluta svæðisins eru víða stakar lynnplöntur. Stakar lúpínuplöntur finnast um svo til allt svæðið en aðrar vísitegundir s.s. birki og melgresi vaxa ekki á svæðinu. Svæðið er almennt mjög lítið grýtt.


Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðsla langt komin stórum hluta svæðisins við Hólmatungu því uppgræðslu telst lokið á samtals um 19 ha lands og henni er að mestu lokið á 72 ha. Rúmlega helmingur svæðisins flokkast þó með ósamfellt viðhald eða um 115 ha og á 10 ha svæði er lagt til árlegt viðhald. Á um 8 ha hafa uppgræðslur á áreyrum skemmst þar sem Jökla hefur flæmst yfir (kort 6).



Kort 6. Uppgræðslumat á uppgæðslusvæðinu í Hólmatungu á áreyrum Jöklu skv. kortlagningu 2022.

3.1.2 Bláeyri


Svæðið er að stærstum hluta vel gróið. Nyrst á svæðinu eru þó hálfgrónar áreyrar en þar er mjög mikið af víði og einnig er lúpína að breiðast út svo ekki er þörf á frekari uppgæðsluaðgerðum þar (mynd 5a). Sunnar á svæðinu er víðir einnig útbreiddur og svæðið að stórum hluta vel gróið þar sem engrar frekari uppgæðslu er þörf þó hálfgróin svæði finnist inn á milli (mynd 5b).




Mynd 5. Uppgræðslusvæði við Bláeyri á áreyrum Jöklu. Mynd a) hálfgróið svæði þar sem lúpína og víðir eru að dreifa úr sér, mynd b) vel gróið svæði þar sem víðir er áberandi.

Stærð svæðisins er um 16 ha og eru 8 ha (50%) vel grónir, um 6 ha (37,5%) teljast hálfgrónir og þar er gróðurþekjan >50%. Austast á svæðinu er um 2 ha (12,5%) lítt gróið svæði þar sem áin hefur skemmt uppgræðslur og það svæði hentar því ekki til frekari aðgerða (kort 7).

Fremur lítið jarðvegsrof er á uppgræðslusvæðinu en einungis 2 ha (12,5%) flokkast með talsvert rof en önnur svæði með nokkurt rof (37,5%) eða lítið rof (50%) (kort 8).




Kort 7. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu á Bláeyri skv. kortlagningu 2022.




Kort 8. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu á Bláeyri skv. kortlagningu 2022.

Yfirborð svæðisins er nokkuð stöðugt. Lífræn jarðvegsskán er á svo til öllu svæðinu nema þar sem áin hefur flæmst yfir, þó útbreiðsla hennar sé ekki samfelld (kort 9).

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðsla langt komin á þessu svæði því uppgræðslu telst lokið á 8 ha lands og að mestu lokið á rúmlega 2 ha en þar er lúpína að breiðast út og því ólíklegt að þurfi frekari aðgerðir þar. Tæpir 4 ha flokkast með ósamfelld viðhald og á um 2 ha svæði hafa uppgræðslur á áreyrum skemmst þar sem Jökla hefur flæmst yfir (kort 10).



Kort 9. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Bláeyri skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.



Kort 10. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Bláeyri skv. kortlagningu 2022.

3.1.3 Galtastaðaeýrar ytri

Gróðurþekjan er mjög breytileg á þessu svæði, frá algrónum svæðum yfir í ógróin. Tæplega þriðjungur svæðisins flokkast með yfir 50% gróðurþekju og eru þau svæði næst austurbakkanum (myndir 6a og 6b) en lengra út á eyrunum er gróðurþekjan minni (myndir 7a og 7b).




Mynd 6. Uppgræðslusvæði austast á Galtastaðaeyrum ytri. Mynd a) vel gróið svæði þar sem uppgræðslu er lokið, mynd b) hálfgróið svæði með gróðurþekju yfir 50%.




Mynd 7. Uppgræðslusvæði á Galtastaðaeyrum ytri. Mynd a) hálf gróið svæði með < 50% gróðurþekju, mynd b) lítið gróið svæði þar sem uppgræðslur eiga töluvert langt í land.

Heildarstærð svæðisins er um 156 ha. Einungis 4 ha (2,6%) flokkast sem algrónir og 30 ha (19,2%) sem vel grónir. Um þriðjungur svæðisins eða 51 ha (32,7%) teljast hálfgrónir og þar af eru um 17 ha með >50% gróðurþekju. Um 69 ha (44,2%) flokkast sem lítið grónir og 2 ha (1,3%) sem lítt eða ógrónir (kort 11).

Talsvert jarðvegsrof er á um 89 ha (57,1%) af uppgræðslusvæðinu, nokkurt rof er á um 15 ha (9,6%) en 52 ha (33,3%) flokkast með lítið rof (kort 12).




Kort 11. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðaeyrum ytri skv. kortlagningu 2022.



Kort 12. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðaeyrum ytri skv. kortlagningu 2022.


Á austurhluta svæðisins er yfirborð nokkuð stöðugt. Það má sjá annars vegar á því að lífræn jarðvegsskán er mjög útbreidd þar og enginn laus sandur á yfirborði. Lengra út á áreyrunum er hins vegar lítið um skán og dálítið um lausan sand á yfirborði, einkum þar sem Jökla hefur flæmst (kort 13).



Kort 13. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðaeyrum ytri skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir er útbreiddur um svo til allt svæðið og vex víða í breiðum eða eyjum. Stakar plöntur af lúpínu eru einnig mjög víða á svæðinu en allra syðst og nyrst er útbreiðsla hennar þéttari. Melgresistoppar eru einnig víða um allt vestanvert svæðið.


Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar telst uppgræðslu lokið á um 23 ha lands. Um 48 ha flokkast með ósamfellt viðhald en á 71 ha svæði er lagt til árlegt viðhald. Á um 14 ha hafa uppgræðslur á áreyrum skemmst þar sem Jökla hefur flæmst yfir (kort 14).



Kort 14. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðeyrum ytri skv. kortlagningu 2022.

3.1.4 Galtastaðeyrar syðri

Það er einkennandi fyrir svæðið að víðir er nokkuð útbreiddur og mikil útbreiðsla af lífrænni jarðvegsskán. Uppgræðslur hafa gengið vel og stór svæði eru vel gróin eða algróin og þar er uppgræðslu að mestu eða alveg lokið (mynd 8a). Tæplega þriðjungur svæðisins flokkast sem hálfgróinn með 51-67% þekju (mynd 8b).



Mynd 8. Uppgræðslusvæði á Galtastaðaeyrum syðri. Mynd a) algróið svæði, mynd b) hálfgróið svæði.


Vestast á svæðinu eru lítið gróin svæði þar sem áin hefur flæmst aðeins inn á uppgræðslusvæðin og skemmt uppgræðslur (mynd 9a). Nyrst á svæðinu eru hálfgróin melgresissvæði sem áin flæmist í kringum (mynd 9b).




Mynd 9. Mynd a) lítið gróin svæði vestast á Galtastaðaeyrum þar sem áin hefur flæmst yfir uppgræðslur. Mynd b) melgresi nyrst á eyrunum.

Svæðið er um 72 ha að stærð og flokkast 16 ha (22,2%) sem algrónir og 13 ha (18,1%) sem vel grónir. Tæplega þriðjungur svæðisins eða 26 ha (36,1%) teljast hálfgrónir og þar er gróðurþekjan >50%. Um 17 ha (23,6%) flokkast sem lítt eða ógrónir (kort 15).

Talsvert jarðvegsrof er á um 24 ha (33,3%) af uppgræðslusvæðinu en önnur svæði þ.e. 48 ha (66,7%) flokkast með lítið rof (kort 16).




Kort 15. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðaeyrum syðri skv. kortlagningu 2022.



Kort 16. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðaeyrum syðri skv. kortlagningu 2022.


Á melgresissvæðinu nyrst á svæðinu og vestast á eyrunum þar sem Jökla flæmist um er nokkuð um lausan sand á yfirborði. Að öðru leyti er yfirborð svæðisins frekar stöðugt, enda hluti þess algróinn og lífræn jarðvegsskán útbreidd (kort 17).



Kort 17. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðaeyrum syðri skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir er útbreiddur um svo til allt svæðið og melgresistoppar eru um allt vestanvert svæðið og breiður af melgresi nyrst. Aðrar vísiplöntur s.s. birki og lúpína eru ekki á svæðinu.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar telst uppgræðslu lokið á um 16 ha lands og á 13 ha er uppgræðslu að mestu lokið. Um 26 ha flokkast með ósamfelld viðhald en á um 17 ha hafa uppgræðslur á áreyrum skemmst þar sem Jökla hefur flæmst yfir (kort 18).



Kort 18. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Galtastaðaeyrum syðri skv. kortlagningu 2022.

3.1.5 Breiðamörk

Tvö uppgræðslusvæði eru á Breiðumörk. Svæðið vestan við Jöklu er um 13 ha að stærð og þar var unnið að uppgræðslu á árunum 2010-2012. Þetta svæði var að mestu kortlagt í kíkí og eftir loftmyndum en á suðurhluta svæðisins hafa uppgræðslur skemmst vegna ágangs Jöklu en á norðurhluta svæðisins er fremur rýr gróðurþekja (mynd 10).



Mynd 10. Horft suður yfir rýrt gróðurlendi á uppgræðslusvæði við Breiðumörk, vestan Jöklu.


Austan við Jöklu er 21 ha svæði og það var kortlagt í kíkí og skv. drónamyndum. Það skiptist í annars vegar vel gróið svæði þar sem uppgræðslu er lokið og hins vegar í fremur lítið gróin svæði aðallega í farvegum þar sem áin hefur flæmst yfir (mynd 11).




Mynd 11. Horft til norðausturs yfir uppgræðslusvæði við Breiðumörk, austan Jöklu.

Heildarstærð kortlagða svæðisins er 34 ha og flokkast 5 ha (14,7%) sem algrónir og 7 ha (20,6%) sem vel grónir. Um 10 ha (29,4%) teljast hálfgrónir og þar er gróðurþekjan undir 50%. Um 12 ha (35,3%) flokkast sem lítið grónir eða ógrónir (kort 19).

Talsvert jarðvegsrof er á um 19 ha (55,9%), 3 ha (8,8%) flokkast með nokkurt rof og 12 ha (35,3%) flokkast með lítið rof (kort 20).



Kort 19. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu við Breiðumörk skv. kortlagningu 2022.



Kort 20. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Breiðumörk skv. kortlagningu 2022.


Á uppgræðslusvæðinu austan Jöklu er yfirborðið stöðugt nema þar sem áin hefur verið að flæmast yfir, þar er lítið af lífrænni jarðvegsskán og nokkur laus sandur á yfirborði. Vestan Jöklu er einnig slitrótt þekja af lífrænni jarðvegsskán og sandur þar sem áin hefur flæmast yfir (kort 21).

Stakar víðiþlöntur eru á báðum svæðunum en aðrar vísiþlöntur s.s. birki, melgresi og lúpína eru ekki á svæðinu.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar telst uppgræðslu lokið á um 12 ha lands, 7 ha þarfnast ósamfellds viðhalds en á um 15 ha hafa uppgræðslur á áreyrum skemmst þar sem Jökla hefur flæmast yfir og þau svæði henta því illa til uppgræðslu (kort 22).



Kort 21. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Breiðumörk skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.



Kort 22. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Breiðumörk skv. kortlagningu 2022.

3.1.6 Surtstaðaeyrar – Hallgeirsstaðir

Unnið hefur verið að uppgræðslu á nokkrum stöðum innan þessa svæðis, báðum megin við aðalfarveg árinna. Vestan við Jöklu eru tvö svæði og er það nyrðra rúmir 20 ha að stærð. Meirihluti þess svæðis er vel gróinn og uppgræðslu lokið að hluta en inn á milli eru lítt grónir farvegir þar sem Jökla hefur þvælst yfir og skemmt uppgræðslur (mynd 12).



Mynd 12. Samsett mynd sem sýnir nyrðra uppgræðslusvæðið vestan við Jöklu sem er nokkuð vel gróið.

Á syðra svæðinu sem er einungis um 5 ha að stærð hafa uppgræðslur ekki gengið sérlega vel og áin flæmst yfir þær að hluta. Þetta svæði er lítið gróið og hentar fremur illa til uppgræðslu (mynd 13) enda hefur ekkert verið unnið á þessu svæði frá 2015.



Mynd 13. Syðra uppgræðslusvæðið vestan við Jöklu sem er lítið gróið og hentar illa til uppgræðslu.

Austan árinna eru einnig tvö svæði en ekki var farið um þau heldur voru þau kortlögð í kík og eftir ljósmyndum úr dróna. Á nyrðra svæðinu sem er rúmlega 16 ha hefur uppgræðsla ekki gengið vel og ekkert unnið þar síðan 2010 enda virðist áin hafa flæmst yfir stóran hluta uppgræðslusvæðisins og megnið af því flokkast sem lítt eða ógróið (mynd 14).



Mynd 14. Nyrðra uppgræðslusvæðið austan við Jöklu þar sem áin hefur flæmst yfir og skemmt uppgræðslur.

Syðra uppgræðslusvæðið sem er um 45 ha að stærð er einnig illa farið vegna þess að áin hefur flæmst yfir uppgræðslurnar. Hluti svæðisins er hálfgróinn (myndir 15a og 15b) en gróðurþekjan minnkar almennt eftir því sem sunnar dregur (mynd 16).




Mynd 15. Hálfgróin svæði á syðra uppgræðslusvæðinu austan við Jöklu.



Mynd 16. Lítið grónar áreyrar þar sem uppgræðslur hafa skemmst á syðra uppgræðslusvæðinu austan við Jöklu.

Heildarstærð kortlögðu svæðanna eru um 86 ha og flokkast rúmir 6 ha (7%) sem algrónir og um 8 ha (9,3%) sem vel grónir. Um 25 ha (29,1%) teljast hálfgrónir og þar af er gróðurþekjan undir 50% á um 15 ha. Um 23 ha (26,7%) flokkast sem lítið grónir og 24 ha (27,9%) sem lítt eða ógrónir (kort 23).

Meirihluti svæðisins flokkast með talsvert jarðvegsrof eða um 47 ha (54,6%). Nokkurt rof er á 25 ha (29,1%) og 14 ha (16,3%) flokkast með lítið rof (kort 24).



Kort 23. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu Surtsstaðaeyrar/Hallgeirsstaðir skv. kortlagningu 2022.


Kort 24. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu Surtsstaðaeyrar/Hallgeirsstaðir skv. kortlagningu 2022.

Á nyrðra uppgræðslusvæðinu vestan Jöklu er nokkuð mikil útbreiðsla af lífrænni jarðvegsskán og sandur einungis við jaðar svæðanna þar sem áin hefur flæmst yfir. Annars staðar er lítið um skán og þó nokkur sandur á yfirborði, einkum á syðra svæðinu austan Jöklu (kort 25).


Stakar víðiplöntur finnast víðast hvar á svæðunum og einnig eru stakar lúpínuplöntur á báðum svæðunum austan Jöklu. Aðrar vísiplöntur s.s. birki og melgresi eru ekki á svæðinu.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar telst uppgræðslu lokið á um 6 ha og að mestu lokið á um 8 ha. Um 12 ha þarfnast ósamfellds viðhalds en lagt er til árlegt viðhald á um 15 ha

ef haldið verður áfram að vinna á þessu svæði. Á 45 ha hafa uppgræðslur á áreyrum skemmst þar sem Jökla hefur flæmst yfir og þau svæði henta því ekki til uppgræðslu (kort 26).



Kort 25. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu Surtsstaðaeyrar/Hallgeirsstaðir skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.



Kort 26. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu Surtsstaðaeyrar/Hallgeirsstaðir skv. kortlagningu 2022.

3.1.7 Litlibakki

Heildarstærð uppgræðslusvæðanna er um 65 ha. Uppgræðsla hefur gengið nokkuð vel á svæðinu sem er undir hlíðinni (mynd 17) en úti á áreyrunum er árangurinn misgóður, allt frá vel grónum svæðum yfir í lítt eða ógróin svæði þar sem uppgræðslur hafa skemmst vegna þess að áin hefur flæmst þar yfir (mynd 18).




Mynd 17. Uppgræðslusvæði undir hlíðinni sem er frá því að vera hálfgróið yfir í vel gróið.




Mynd 18. Horft til suðurs yfir uppgræðslusvæðið við Litlabakka. Vel gróin svæði hægra megin en lítt eða ógróin vinstra megin á mynd þar sem Jökla hefur flæmst yfir.

Heildarstærð svæðisins er um 65 ha og flokkast rúmir 11 ha (16,9%) sem vel grónir og um 26 ha (40%) sem hálfgrónir og þar af er gróðurþekjan undir 50% á um 10 ha. Aðrir hlutar svæðisins eða um 28 ha (43,1%) flokkast svo sem lítt eða ógrónir (kort 27).

Talsvert jarðvegsrof er á um 14 ha (21,5%), nokkurt rof er á 46 ha (70,8%) og einungis 5 ha (7,7%) flokkast með lítið rof (kort 28).




Kort 27. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu við Litlabakka skv. kortlagningu 2022.



Kort 28. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Litlabakka skv. kortlagningu 2022.


Lífræn jarðvegsskán er nokkuð útbreidd, einkum á best grónu svæðunum. Það er einnig dálítill sandur á yfirborði, bæði þar sem áin hefur flæmst yfir en einnig í uppgræðslunum næst hlíðinni og virðist hann berast frá námunni sem er við uppgræðslusvæðið (kort 29).

Stakar víðiplöntur eru um svo til allt svæðið en ekki aðrar vísiplöntur s.s. birki, melgresi og lúpína.



Kort 29. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Litlabakka skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar telst uppgræðslu lokið á um 11 ha en um 26 ha þarfnast ósamfellds viðhalds. Á 5 ha svæði er lagt til árlegt viðhald en á 23 ha hafa uppgræðslur skemmst þar sem Jökla hefur flæmst yfir og þau svæði henta því ekki til uppgræðslu (kort 30).



Kort 30. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Litlabakka skv. kortlagningu 2022.

3.1.8 Hrafnabjörg

Norðvestur hluti uppgræðslusvæðisins er algróinn og þar er uppgræðslu lokið (mynd 19). Suðvesturhluti svæðisins er hálfgróinn með 51-67% gróðurþekju og þar er lífræn jarðvegsskán mjög áberandi (mynd 20).



Mynd 19. Horft til suðurs yfir algróið land þar sem uppgræðslu er lokið á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg.



Mynd 20. Hálfgróin uppgræðslusvæði við Hrafnabjörg þar sem lífræn jarðvegsskán er áberandi.


Á austurhluta svæðisins næst Jöklu virðist áin hafa breytt farvegi sínum, brotið land þar og flæmst yfir og skemmt uppgræðslur á allstóru svæði (mynd 21).




Mynd 21. Horft yfir að farvegi Jöklu þar sem áin hefur breytt farvegi sínum og skemmt uppgræðslur á allstóru svæði.

Svæðið er 27 ha að stærð. Rúmlega 6 ha (22,2%) eru algrónir og 9 ha (33,3%) flokkast sem hálfgrónir og þar er gróðurþekja >50%. Um 12 ha (44,5%) á austurhluta svæðisins næst Jöklu flokkast svo sem lítt eða ógrónir en þar hefur áin breytt farvegi sínum og flæmst yfir og skemmt uppgræðslur á allstóru svæði (kort 31).

Talsvert jarðvegsrof er á 12 ha (44,5%) en á hinum 15 ha (55,5%) svæðisins er lítið rof (kort 32).



Kort 31. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg skv. kortlagningu 2022.




Kort 32. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg skv. kortlagningu 2022.


Lífræn jarðvegsskán er útbreidd á grónu svæðunum en þar sem áin hefur flæmst yfir er nokkur sandur á yfirborði (kort 33).

Bæði birki og víðir eru útbreidd á grónu svæðunum og vaxa í breiðum á norðurhluta svæðisins en þéttleikinn minnkar svo sunnar og austar á svæðinu. Hvorki melgresi né lúpína vex á svæðinu.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar telst uppgræðslu lokið á um 6 ha en um 9 ha þarfnast ósamfellds viðhalds. Á 12 ha svæði hafa uppgræðslur skemmst þar sem Jökla hefur flæmst yfir og þau svæði henta því ekki til uppgræðslu (kort 34).



Kort 33. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.



Kort 34. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Hrafnabjörg skv. kortlagningu 2022.


3.1.9 Fossvellir/Veiðieyri

Stærð svæðisins er tæpir 5 ha og það flokkast sem vel gróið land með mjög lítið jarðvegssrof. Samkvæmt uppgræðslumati þarf svæðið ósamfellt viðhald en uppgræðsla er þó langt komin. Engin ljósmynd var tekin af þessu svæði og þar sem einungis er um einn fláka að ræða eru ekki birt kort af þessu svæði.

3.2 Svæði 2 – Jökuldalsheiði

Uppgræðslurnar á Jökuldalsheiði skiptast á tvö svæði, annars vegar meðfram Hringveginum og hins vegar meðfram Möðrudalsleið (kort 2). Svæðin liggja að mestu í 540-620 m hæð yfir sjó og bæði einkennast þau af uppblásnum melum og rofabarðasvæðum.

Á svæðinu við Hringveginn er stórt rofabarðasvæði þar sem miklu af heyrúllum hefur verið dreift í börðin og eru þau flest orðin vel lokuð (mynd 22a). Þar sem ekki hefur verið unnið að uppgræðslu eru börðin opin (mynd 22b).



Mynd 22. Rofabarðasvæði við Hringveginn á Jökuldalsheiði, annars vegar börð grædd með heyrúllum (mynd a) og hins vegar opin börð þar sem heyi hefur ekki verið dreift.

Uppgræðslur á melasvæðunum eru mis langt á veg komnar og svæðin frá því að vera lítið gróin eða hálfgróin (mynd 23a) yfir í algróin svæði þar sem uppgræðslu er lokið (mynd 23b).



Mynd 23. Uppgræðslusvæði við Hringveginn á Jökuldalsheiði. Hálfgróið svæði (mynd a) og algróið svæði þar sem uppgræðslu er lokið (mynd b).

Á uppgræðslusvæðinu meðfram Möðrudalsleið eru einnig stór melasvæði sem eru mislangt komin í uppgræðslu (mynd 24a og 24b).



Mynd 24. Uppgræðslur með mismikilli gróðurþekju á melum meðfram Möðrudalsleið á Jökuldalsheiði.


Rofabörð eru töluvert útbreidd um svæðið, bæði við jaðra melasvæðanna og einnig þar sem eru gamlar gróðurtorfur (mynd 25a). Þau eru allt frá því að vera lág og lítið virk upp í mjög há börð með mjög miklu rofi (mynd 25b).



Mynd 25. Rofabörð í gömlum gróðurtorfum á uppgræðslusvæðinu meðfram Möðrudalsleið á Jökuldalsheiði.


3.2.1 Jökuldalsheiði - niðurstöður

Heildarstærð kortlögðu svæðanna er 792 ha. Allstór hluti svæðanna er vel gróinn því 54 ha (6,8%) flokkast sem algróinir og 315 ha (39,8%) sem vel grónir. Hlutdeild hálfgróinna svæða er líka mikil eða 292 ha (36,9%) og þar af eru 206 ha með minna en 50% gróðurþekju. Um 65 ha (8,2%) teljast lítið grónir og 66 ha (8,3%) flokkast sem lítt eða ógróið land en það er melasvæði þar sem ekkert hefur verið unnið að uppgræðslu (kort 35).




Kort 35. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðunum á Jökuldalsheiði skv. kortlagningu 2022.

Mesta jarðvegsrofið er á rofabarðasvæðunum og á melasvæðinu þar sem ekkert hefur verið unnið að uppgræðslu en 8 ha (1%) flokkast með mjög mikið rof og 124 ha (15,7%) með mikið rof. Talsvert rof er á 123 ha (15,5%) lands og nokkurt rof á 344 ha (43,4%). Um 193 ha (24,4%) flokkast svo með lítið jarðvegsrof (kort 36).



Kort 36. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðunum á Jökuldalsheiði skv. kortlagningu 2022.

Lífræn jarðvegsskán er mjög áberandi og hefur mikla útbreiðslu víða á uppgræðslusvæðunum nema helst á rofabarðasvæðunum og á melasvæðinu þar sem engar uppgræðsluaðgerðir eru en á þeim svæðum er nokkuð um lausan sand á yfirborði (kort 37).




Kort 37. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðunum á Jökuldalsheiði skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir vex um allt svæðið og er útbreiðsla hans nokkuð mikil þar sem hann vex víða í eyjum eða breiðum. Hvorki birki, melgresi né lúpína vex á svæðinu. Hluti svæðisins meðfram

Möðrudalsleið er nokkuð grýttur en svæðið meðfram Hringveginum er almennt fremur lítið grýtt nema staki melurinn austast á svæðinu sem er talsvert grýttur.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar telst uppgræðslu lokið á 33 ha og að mestu lokið á um 62 ha svæði. Lang stærstur hluti svæðisins flokkast með ósamfellt viðhald eða 529 ha en lagt er til árlegt viðhald á 87 ha lands. Engar uppgræðslur eru á um 81 ha svæði (kort 38).



Kort 38. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðunum á Jökuldalsheiði skv. kortlagningu 2022.

3.3 Svæði 3 – Sænautasel

Svæðið er austan við Sænautavatn og nær frá veginum á Möðrudalsleið og suður melana þar (kort 2). Það liggur að mestu í 540-600 m hæð yfir sjó og einkennist af melum sem blásið hafa upp. Mikið hefur verið unnið að uppgræðslu á svæðinu og telst stór hluti svæðisins vel gróinn. Lífræn jarðvegsskán er áberandi í gróðurþekjunni og þar sem hún er hvað þéttust er uppgræðslu að mestu lokið (mynd 26).



Mynd 26. Horft til suðurs yfir vel grónar uppgræðslur við Sænautasel þar sem uppgræðslu er að mestu lokið.

Víðast hvar er þó þörf á áframhaldandi uppgræðsluáðgerðum þó svæði flokkist sem vel gróin eru þau fremur rýr og viðkvæm m.a. vegna þess hve hátt þau eru yfir sjó (myndir 27a og 27b).



Mynd 27. Vel gróin uppgræðslusvæði við Sænautasel þar sem lífræn jarðvegsskán er áberandi í sverði. Mynd a) horft til suðvesturs, mynd b) horft til norðurs.

Talsvert er einnig af hálfgrónum svæðum þar sem uppgræðslur eru ekki eins langt á veg komnar en þau eru flokkuð í annars vegar svæði með 51-66% gróðurþekju (myndir 28 a og 28b) og hins vegar svæði með 34-50% gróðurþekju (myndir 29a og 29b).



Mynd 28. Hálfgróin uppgræðslusvæði þar sem gróðurþekja er yfir 50%. Mynd a) horft til suðvesturs, mynd b) horft til suðvesturs.



Mynd 29. Hálfgróin uppgræðslusvæði þar sem gróðurþekja er undir 50%. Mynd a) horft til austurs, mynd b) horft til norðurs.


Þó svæðið einkennist af melum þá eru einnig rofabarðasvæði við jaðra svæðisins, bæði á svæðinu næst Sænautavatni (mynd 28b) og við suðausturjaðar þess (mynd 30).



Mynd 30. Rofabörð við austurjaðar uppgræðslusvæðisins við Sænavatn.


3.3.1 Sænavatn - niðurstöður

Heildarstærð kortlagða svæðisins er 260 ha. Það er að stórum hluta vel gróið því 12 ha (4,6%) flokkast sem algróið og 158 ha (60,8%) sem vel gróið. Um 82 ha (31,5%) teljast hálf grónir og er um helmingurinn með gróðurþekju yfir 50%. Um 8 ha (3,1%) flokkast sem lítið grónir (kort 39).




Kort 39. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu við Sænavatn skv. kortlagningu 2022.

Lítið jarðvegsrof er á ríflega helmingi svæðisins því 144 ha (55,4%) flokkast með lítið rof. Nokkurt rof er á 49 ha (18,8%) og talsvert rof er á 59 ha (22,7%). Við austurjaðar svæðisins er ennþá mikið rof á um 8 ha (3,1%) rofabarðasvæði (kort 40).



Kort 40. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Sænautasel skv. kortlagningu 2022.


Yfirborð svæðisins er stöðugt þar sem uppgræðslustarf er komið hvað lengst. Það má sjá á því að þar er lífræn jarðvegsskán útbreidd og mjög lítil eða enginn sandur á yfirborði. Þar sem uppgræðslustarfið er styttra á veg komið er útbreiðsla skánarinnar slitróttari og á nokkrum svæðum má sjá dálítið af lausum sandi á yfirborði, einkum á rofabarðasvæðunum og þar sem lítið eða ekkert hefur verið unnið að uppgræðslu (kort 41).



Kort 41. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Sænantasel skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir finnst á öllu svæðinu og er útbreiðsla hans frá því að vera stakar plöntur yfir í samfellda þekju einkum syðst á svæðinu. Lyng finnst einnig nokkuð víða en hvorki birki, melgresi né lúpína vex á svæðinu. Megnið af svæðinu er mjög lítið grýtt nema einn farvegur austarlega á svæðinu.


Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu að mestu lokið á um 53 ha svæði en lang stærstur hluti svæðisins flokkast með ósamfellt viðhald eða 184 ha. Á 12 ha lands er lagt til árlegt viðhald og engar uppgræðslur eru á um 11 ha svæði (kort 42).



Kort 42. Uppgæðslumat á uppgæðslusvæðinu við Sænautasel skv. kortlagningu 2022.

3.4 Svæði 4 – Grunnvatnsalda

Svæðið nær frá eyðibýlinu Sænautaseli og teygir sig suður melana sem eru norðan og austan við Ánavatn (kort 2). Það liggur að mestu í 540-600 m hæð yfir sjó og einkennist af stórum melasvæðum þar sem víða eru rofabörð, einkum við jaðra þeirra (myndir 31a og 31b).



Mynd 31. Rofabörð við jaðra mela á Grunnvatnsöldu, norðan (mynd a) og austan Ánavatns (mynd b).

Mikið hefur verið unnið að uppgræðslu og eru stór svæði orðin vel gróin og þar er lífræn jarðvegsskán víða áberandi (myndir 32a, 32b og 32c).



Mynd 32. Vel gróin uppgræðslusvæði á Grunnvatnsöldu þar sem lífræn jarðvegsskán er áberandi.

Hátt í helmingur svæðisins telst vera hálfgróinn og meirihluti þeirra svæða er með gróðurþekju á bilinu 51-67% (myndir 33a, 33b og 33c) en þessi svæði þurfa ósamfellt viðhald. Hluti hálfgrónu svæðanna er svo með gróðurþekju á bilinu 34-50% (myndir 34a, 34b og 34c).



Mynd 33. Hálfgróin uppgræðslusvæði á Grunnvatnsöldu þar sem gróðurþekjan er 51-67%.



Mynd 34. Hálfgróin uppgræðslusvæði á Grunnvatnsöldu þar sem gróðurþekjan er 34-50%.


Nokkur lítil svæði flokkast sem lítið gróin og á mynd 35 má sjá dæmi um slíkt svæði en á þessu svæði er mælt með árlegu viðhaldi til að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur með uppgræðsluaðgerðum.



Mynd 35. Lítið gróið svæði á Grunnvatnsöldu þar sem árlegt viðhald er nauðsynlegt til að viðhalda þeim gróðri sem kominn er.

3.4.1 Grunnvatnsalda - niðurstöður

Heildarstærð kortlagða svæðisins er 938 ha. Það er að stórum hluta vel gróið því 35 ha (3,7%) flokkast sem algróið og 443 ha (47,2%) sem vel gróið. Um 438 ha (46,7%) teljast hálf grónir og er meirihluti þess svæðis eða 276 ha með gróðurþekju yfir 50%. Einungis 22 ha (2,4%) flokkast sem lítið grónir (kort 43).



Kort 43. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðunum á Grunnvatnsöldu skv. kortlagningu 2022.


Lítið jarðvegsrof er á meira en helmingi svæðisins því 520 ha (55,4%) flokkast með lítið rof. Nokkurt rof er á 267 ha (28,5%) og talsvert rof er á 122 ha (13%). Mikið jarðvegsrof er á 29 ha (3,1%) en það eru allt rofabarðasvæði við jaðra melanna (kort 44).



Kort 44. Jarðvegsrof á uppgæðslusvæðunum á Grunnvatnsöldu skv. kortlagningu 2022.

Yfirborð svæðisins er stöðugt þar sem uppgæðslustarfið er komið hvað lengst. Það má sjá á því að þar er lífræn jarðvegsskán útbreidd og mjög lítil eða enginn sandur á yfirborði. Þar sem

uppgæðslustarfið er styttra á veg komið er útbreiðsla skánarinnar ekki samfelld og á helstu rofabarðasvæðunum er dálítið af lausum sandi á yfirborði (kort 45).




Kort 45. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgæðslusvæðinu á Grunnvatnsöldu skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir finnst á öllu svæðinu og er útbreiðsla hans frá því að vera stakar plöntur yfir í samfellda þekju einkum við jaðra melasvæðanna. Lyng finnst einnig nokkuð víða en hvorki birki, melgresi

né lúpína vex á svæðinu. Nyrsti hluti Grunnvatnsöldunnar er nokkuð grýttur en að öðru leyti er megnið af svæðinu mjög lítið grýtt.


Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á 22 ha og að mestu lokið á um 21 ha en lang stærstur hluti svæðisins flokkast með ósamfelld viðhald eða 795 ha. Á 89 ha lands er lagt til árlegt viðhald og engar uppgræðslur eru á um 2 ha svæði. Á um 9 ha í hlíð ofan við Ánavatn hafa uppgræðslur misfarist en þar var bara unnið einu sinni (kort 46).



Kort 46. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Grunnvatnsöldu skv. kortlagningu 2022


3.5 Svæði 5 – Brú á Jökuldal

Uppgræðslusvæðið á Brú er mjög víðfemt. Það nær frá Svínabúðalæk í norðri, suður með Þverárvatni og Þverá niður að Jöklu. Þar liggur það áfram til suðurs að Reykjará og upp með henni suður fyrir Múla (kort 2). Hæð svæðisins yfir sjó er frá 360 m og upp í um 580 m. Það einkennist af stórum melasvæðum og allvíða eru rofabörð við jaðra eldri gróðurlenda (mynd 36a og 36b).



Mynd 36. Rofabörð á uppgræðslusvæðum við Brú.

Á nyrsta og austasta hluta svæðisins þ.e. meðfram Þverá eru nokkur vel gróin svæði þar sem uppgræðslu er lokið (mynd 37a) eða að mestu lokið (mynd 37b)



Mynd 37. Uppgræðslusvæði við Brú, annars vegar niður undir Jöklu þar sem uppgræðslu er lokið (mynd a) og hins vegar suður af Svínabúðalæk þar sem uppgræðslu er að mestu lokið (mynd b).

Uppgræðslur eru mislangt á veg komnar á þessum hluta svæðisins (mynd 38) en stærstur hluti þess einkennist af hálfgrónum melum þó þar finnst einnig dálítill rofabörð m.a. er rofabarðasvæði uppi í hlíðinni austan við Þverá sem borið hefur verið á (mynd 39).



Mynd 38. Horft til suðurs yfir misvel grónar uppgræðslur þar sem gróðurþekjan fer frá 10-33% á melnum lengst til hægri á mynd yfir í 51-67% lengst til vinstri.




Mynd 39. Hálfgróinn melur í Vörðuhrauni en fjær er rofabarðasvæði austan við Þverá þar sem unnið hefur verið að uppgræðslu.

Annað melasvæði sem einnig er að mestu hálfgróið er austur og suðaustur af Dysjum (myndir 40a og 40b).



Mynd 40. Hálfgróinn melur austan við Dysjar þar sem gróðurþekjan er 51-67% til suðurs (mynd a) en 34-50% til norðurs (mynd b).

Suðvestur af Dysjum og suður að Reykjará er annað stórt samfellt melasvæði (mynd 41) þar sem mikið hefur verið unnið að uppgræðslu. Á suðurhlutanum er uppgræðslu að mestu lokið á allstóru svæði (mynd 41a) en annars staðar eru hálfgróin svæði sem þurfa ósamfellt viðhald (myndir 41b og 41c).




Mynd 41. Uppgræðslusvæði milli Dysja og Reykjarár. Mynd a) horft til suðurs yfir stórt svæði þar sem uppgræðslu er að mestu lokið. Mynd b) horft til suðausturs yfir á hálfgróin uppgræðslusvæði með gróðurþekju 51-67%. Mynd c) horft til norðausturs yfir á hálfgróin svæði með lítilsháttar rofabörðum.

Nyrst á þessum hluta svæðisins er gróðurþekjan einna rýrust en þar er þó farin að myndast lífræn jarðvegsskán þó þekja hennar sé ekki samfelld (mynd 42).



Mynd 42. Lífræn jarðvegsskán farin að myndast á uppgræðslusvæði í nágrenni Dysja en þekja hennar slitrótt.


Syðsti hluti uppgræðslusvæðisins við Brú þ.e. suður með Reykjará er að mestu vel gróinn. Uppgræðsla er víða langt komin á vesturhelmingi þess svæðis og á hluta er henni lokið (mynd 43a). Minni gróðurþekja er á austurhelmingi svæðisins þar sem hálfgróin svæði eru ríkjandi (mynd 43b).



Mynd 43. Uppgræðslusvæði suður með Reykjará, annars vegar algróið svæði þar sem uppgræðslu er lokið (mynd a) og hins vegar hálfgróið svæði sem þarf ósamfellt viðhald (mynd b).


3.5.1 Brú – niðurstöður

Heildarstærð kortlagða svæðisins er 1.292 ha. Einungis 26 ha (2%) flokkast sem algróið og 372 ha (28,8%) sem vel gróið. Lang stærsti hluti svæðisins eða 822 ha (63,6%) telst hálfgróinn og er meirihluti þess svæðis eða 607 ha með gróðurþekju yfir 50%. Einungis 72 ha (5,6%) flokkast sem lítið grónir (kort 47).




Kort 47. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðunum við Brú skv. kortlagningu 2022.

Fremur lítið jarðvegsrof er á meirihluta svæðisins því 682 ha (52,8%) flokkast með lítið rof og 343 ha (26,6%) með nokkurt rof. Talsvert rof er á 260 ha (20,1%) og tæpir 7 ha (0,5%) flokkast með mikið jarðvegsrof (kort 48).



Kort 48. Jarðvegsrofi á uppgræðslusvæðunum við Brú skv. kortlagningu 2022.


Þar sem uppgræðslustarfið er komið hvað lengst er lífræn jarðvegsskán útbreidd og mjög lítil eða enginn sandur á yfirborði og svæðið því nokkuð stöðugt. Þar sem uppgræðslustarfið er styttra á veg komið er útbreiðsla skánarinnar ekki samfelld og á nokkrum svæðum dálítið af lausum sandi á yfirborði (kort 49).



Kort 49. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Brú skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir vex á öllu svæðinu og er útbreiðslan frá því að vera stakar plöntur yfir í samfellda þekju einkum í nágrenni við Þverárvatn. Lyng finnst einnig nokkuð víða og melgresistoppar eru á stöku stað. Hvorki birki né lúpína vex á svæðinu. Nokkur svæði m.a. í Vörðuhrauni og í hlíðunum ofan Jöklu eru nokkuð grýtt en að öðru leyti er megnið af svæðinu lítið grýtt.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á um 58 ha og að mestu lokið á um 193 ha svæði. Lang stærstur hluti svæðisins flokkast með ósamfellt viðhald eða 991 ha. Á 34 ha lands er lagt til árlegt viðhald og engar uppgræðslur eru á um 16 ha svæði (kort 50).



Kort 50. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Brú skv. kortlagningu 2022.

3.6 Svæði 6 – Vaðbrekka

Uppgræðslusvæðið er ofan vegarins í Hrafnkelsdal og teygir sig upp í hlíðar á svokölluðum Hálsenda á Vaðbrekkuhálsi (kort 2). Það er að mestu í 360-420 m hæð yfir sjó og einkennist af melum sem blásið hafa upp. Hlíðarnar Jökuldalsmegin eru að mestu vel grónar en þar er nokkuð af rofabörðum sem sum hver eru dálítið opin ennþá (mynd 44).



Mynd 44. Horft til norðausturs yfir hlíðar Vaðbrekkuháls, Jökuldalsmegin. Vel gróin uppgræðslusvæði en talsvert af rofabörðum.

Framan á Hálsendanum og inn með hlíðinni Hrafnkelsdalsmegin eru allstór svæði sem eru algróin og þar telst uppgræðslu lokið (myndir 45).



Mynd 45. Algróin svæði í hlíðunum framan í Hálsenda þar sem uppgræðslu telst lokið.


Innar á Hálsenda er hluti hlíðanna minna gróinn en þar finnast einnig vel gróin svæði með rofabörðum (mynd 46).



Mynd 46. Uppgræðslusvæði í hlíðum Hálsenda, hálfgróin svæði nær en vel gróin svæði með rofabörðum fjær.


3.6.1 Vaðbrekka - niðurstöður

Stærð kortlagða svæðisins er rúmlega 82 ha og er það að miklu leyti vel gróið því 40 ha (48,8%) flokkast sem algróið og 26 ha (31,7%) sem vel gróið. Um 16 ha (19,5%) teljast hálf grónir og þar er gróðurþekjan allsstaðar yfir 50% (kort 51).



Kort 51. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Vaðbrekku skv. kortlagningu 2022.

Hvergi er mikið rof á uppgræðslusvæðinu en 16 ha (19,5%) flokkast með talsvert rof, um 25 ha (30,5%) flokkast með nokkurt rof og 41 ha (50%) með lítið rof (kort 52).




Kort 52. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Vaðbrekku skv. kortlagningu 2022.

Lyng og stakar víðiplöntur finnast um svo til allt svæðið en aðrar vísiplöntur s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu. Lífræn jarðvegsskán er hins vegar útbreidd um allt svæðið og er þekja hennar nokkuð samfelld nema á rofabarðasvæði innarlega í hlíðinni Jökuldalsmegin. Á þessu rofabarðasvæði er jafnframt eini staðurinn þar sem laus sandur á yfirborði fer yfir 10% en að öðru leyti er lítill eða engin laus sandur á yfirborði.

Svæðið framan í Hálsenda er fremur grýtt en það hefur þó ekki komið í veg fyrir uppgræðslustarf á þessu svæði.

Samkvæmt uppgræðslumati er uppgræðslu lokið á helmingi svæðisins eða á 41 ha, auk þess sem uppgræðslu er að mestu lokið á öðrum 12 ha lands. Aðrir hlutar svæðisins eða um 29 ha þurfa svo ósamfellt viðhald (kort 53).



Kort 53. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Vaðbrekku skv. kortlagningu 2022.

3.7 Svæði 7 – Hrafnkelsdalur

Uppgræðslusvæðin í Hrafnkelsdal eru að mestu í um 400 m hæð yfir sjó og eru bæði á melum í dalbotninum en teygja sig einnig upp í vesturhlíðar dalsins (kort 2). Þau eru flest orðin vel gróin og flokkast jafnvel sem algróin þar sem uppgræðslu telst lokið (myndir 47a og 47b).



Mynd 47. Algróin uppgræðslusvæði í dalbotni Hrafnkelsdals þar sem uppgræðslu telst lokið.

Á nokkrum stöðum eru svæðin mjög vel gróin en þar er lítilsháttar rof þannig að uppgræðslu telst að mestu lokið (myndir 48a og 48b).



Mynd 48. Vel gróin uppgræðslusvæði með lítilsháttar dílarofi (mynd a) og rofabörðum (mynd b) þar sem uppgræðslu er að mestu lokið.

Uppi í hlíðum dalsins er talsvert af rofabörðum. Þessi svæði eru almennt vel gróin en á nokkrum stöðum er þó ekki ennþá búið að loka rofabörðunum alveg (mynd 49).



Mynd 49. Næst er hálfgróinn melur en fjær vel gróin svæði með rofabörðum í hlíðum Hrafnkelsdals.

Syðsta svæðið er að hluta á áreyrum Hrafnkelu og þar hefur áin flæmst yfir eitthvað af uppgræðslunum (mynd 50) og þau svæði henta því ekki vel til uppgræðslu. Í hlíðunum ofan áreyranna er talsvert af rofabörðum en vegna þess hve svæðið er óaðgengilegt hefur aðeins verið handdreift á það svæði.




Mynd 50. Uppgræðslusvæði á áreyrum Hrafnkelu sunnarlega í Hrafnkelsdal þar sem áin hefur flæmst yfir uppgræðslur að hluta.

3.7.1 Hrafnkelsdalur – niðurstöður

Heildarstærð kortlagða svæðisins í Hrafnkelsdal er um 155 ha. Meginhluti svæðisins er vel gróinn því um 86 ha (55,5%) flokkast sem algróið og 63 ha (40,6%) sem vel gróið. Einungis 4 ha (2,6%) telst hálf gróinn og 2 ha (1,3%) flokkast svo sem lítið grónir (kort 54).

Hvergi er mikið rof á uppgræðslusvæðinu en 46 ha (29,7%) flokkast með talsvert rof, um 31 ha (20%) flokkast með nokkurt rof og 78 ha (50,3%) með lítið rof (kort 55).



Kort 54. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Hrafnkelsdal skv. kortlagningu 2022.



Kort 55. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Hrafnkelsdal skv. kortlagningu 2022.

Almennt er yfirborð svæðisins stöðugt. Það má sjá annars vegar á því að lífræn jarðvegsskán er mjög útbreidd á uppgræðslusvæðunum og hins vegar á því að einungis á litlu svæði syðst á áreyrunum er hlutfall af lausum sandi á yfirborði >10% (kort 56).

Birki finnst í hlíðunum syðst á svæðinu en aðrar vísitögundir s.s. víðir, melgresi og lúpína finnst ekki á svæðinu. Svæðið er almennt mjög lítið grýtt.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðsla langt komin víða í Hrafnkelsdal því uppgræðslu telst lokið á samtals um 72 ha lands og henni er að mestu lokið á 19 ha. Um 40% svæðisins flokkast þó með ósamfelld viðhald eða rúmlega 62 ha og á 2 ha svæði syðst hafa uppgræðslur á áreyrum skemmt þar sem Hrafnkela hefur flæmst yfir (kort 57).




Kort 56. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Hrafnkelsdal skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.



Kort 57. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Hrafnkelsdal skv. kortlagningu 2022.


3.8 Svæði 8 – Skænudalur

Uppgræðslusvæðið liggur að mestu í 440-640 m hæð yfir sjó og teygir sig yfir Skænudal sem liggur til vesturs upp úr Hrafnkelsdal og melasvæði suður af Skænudal (kort 2). Vesturhluti þess einkennist af lítið grýttum, nokkuð sléttum melum (mynd 51a). Austur og norðurhluti þess er hins vegar fremur grýttur og þar er meira um mishæðir auk þess sem austurjaðar svæðisins teygir sig niður í efsta hluta hlíða Hrafnkelsdals (mynd 51b).



Mynd 51. Uppgræðslusvæðið í Skænudal, sléttir, lítið grýttir melar vestast (mynd a) og grýtt melasvæði í hlíðum austast (mynd b).

Nokkur svæði eru orðin vel gróin m.a. þar sem gamlar gróðurtorfur voru enn til staðar (mynd 52a), við dældir og farvegi þar sem meiri raki er (mynd 52b) og einnig á melum þar sem uppgræðslur eru langt komnar (mynd 52c).



Mynd 52. Dæmi um vel gróin svæði í Skænudal, rofabarðasvæði í gömlum gróðurtorfum (mynd a), við lækjarfarveg (mynd b) og uppgræðslusvæði á mel þar sem aðgerðum er að mestu lokið (mynd c).

Stærstur hluti svæðisins telst þó vera hálfgróinn. Þar eru bæði svæði sem teljast vera ríflega hálfgróin þ.e. gróðurþekjan er á bilinu 51-66% (myndir 53a og 53b) og einnig svæði þar sem gróðurþekjan er minni þ.e. á bilinu 34-50% (myndir 54a, 54b og 54c).



Mynd 53. Dæmi um hálfgróin svæði í Skænudal þar sem gróðurþekjan er 51-66%.



Mynd 54. Dæmi um hálfgróin svæði í Skænudal þar sem gróðurþekjan er 34-50%.

Á nokkrum svæðum er svo uppgræðslustarfið mjög stutt á veg komið og þau flokkast sem lítið gróin (myndir 55a og 55b).




Mynd 55. Dæmi um lítið gróin svæði í Skænudal þar sem uppgræðsla er stutt á veg komin og gróðurþekjan einungis 11-33%.


3.8.1 Skænudalur - niðurstöður

Heildarstærð kortlagða svæðisins í Skænudal er 425 ha. Um 78 ha (18,3%) flokkast sem vel gróið land en meginhluti svæðisins telst hálfgróinn eða 294 ha (69,2%) og þar af eru 176 ha með yfir 50% gróðurþekju. Einungis 53 ha (12,5%) flokkast svo sem lítið grónir (kort 58).

Almennt er ekki mikið rof á uppgræðslusvæðinu en um 11 ha (2,6%) sem eru á rofabarðasvæði norðarlega í Skænudal flokkast þó með talsvert rof. Nokkurt rof er á um 203 ha (47,8%) en rétt tæpur helmingur svæðisins eða 211 ha (49,6%) teljast vera með lítið rof (kort 59).




Kort 58. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022.



Kort 59. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022.

Almennt er yfirborð svæðisins nokkuð stöðugt. Það má sjá annars vegar á því að lífræn jarðvegsskán er mjög útbreidd á uppgræðslusvæðunum þó að útbreiðsla hennar sé ekki alls staðar samfelld og hins vegar á því að einungis á afmörkuðu svæði í norðausturhluta Skænudals var hlutfall af lausum sandi á yfirborði meira en 10% (kort 60).




Kort 60. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.


Auk lífrænnar jarðvegsskánar vex víðir um allt svæðið, víðast hvar er það þó sem stakar plöntur og lyng finnast einnig víða. Aðrar vísiplöntur s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu.

Eins og áður sagði er allur austurhluti svæðisins nokkuð grýttur þ.e. hlutfall grjóts á yfirborði er 10-33% en það hamlar þó ekki uppgræðsluaðgerðum. Norðarlega á svæðinu er svæði sem telst talsvert grýtt en þar getur verið erfitt af fara um með tæki (kort 61).

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á tæpum 18 ha. Meginhluti svæðisins flokkast með ósamfelld viðhald eða 340 ha og á 48 ha lands er lagt til árlegt viðhald, annars vegar á lítið grónu svæði þar sem uppgræðslur eru stutt á veg komnar og hins vegar á sendna svæðinu norðarlega í Skænudal. Á um 11 ha svæði virðast uppgræðslur hafa skemmst því engin merki sjást um þær og á um 8 ha hafa ekki verið neinar uppgræðsluaðgerðir (kort 62).



Kort 61. Grjót á yfirborði á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022.



Kort 62. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Skænudal skv. kortlagningu 2022.

3.9 Svæði 9 – Faxahús

Uppgræðslusvæðið Faxahús nær frá efri hluta hlíðanna upp af Hrafnkelsdal vestanverðum og upp á melasvæði sem er þar fyrir ofan og er því í um 550-680 m hæð yfir sjó (kort 2). Unnið hefur verið talsvert að uppgræðslu einkum á melunum á efri hluta svæðisins. Sums staðar eru þeir orðnir vel grónir og þar er þekja lífrænnar jarðvegsskánar víða mikil (myndir 56a og 56b). Stærstur hluti þeirra flokkast þó sem hálfgrónir (myndir 57a og 57b),



Mynd 56. Vel grónir melar á uppgræðslusvæðinu við Faxahús þar sem lífræn jarðvegsskán er áberandi.



Mynd 57. Hálfgrónir melar á uppgræðslusvæðinu við Faxahús. Annars vegar með yfir 50% þekju (mynd a) og hins vegar með undir 50% þekju (mynd b).

Hlíðarnar upp af Hrafnkelsdal einkennast af rýru mólendi. Víða eru þær nokkuð vel grónar, einkum á nyrðri hluta svæðisins en þar er mosi áberandi (mynd 58). Suðurhluti hlíðanna telst víðast hvar hálfgróinn (mynd 59) og þar er dálítið af lágum rofabörðum.



Mynd 58. Vel gróin svæði í hlíðum á norðurhluta uppgræðslusvæðisins við Faxahús, þar sem mosi er áberandi.




Mynd 59. Horft til norðausturs yfir hálfgrónar hlíðar sunnan við Faxagil.

3.9.1 Faxahús – niðurstöður


Heildarstærð kortlagða svæðisins við Faxahús er um 523 ha. Um 30 ha (5,7%) flokkast sem algróið, 135 ha (25,8%) sem vel gróið en meginhluti svæðisins telst hálfgróinn eða 343 ha

(65,6%) og þar af eru 234 með yfir 50% gróðurþekju. Einungis 15 ha (2,9%) flokkast svo sem lítið grónir (kort 63).




Kort 63. Gróðurþekja á uppgæðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.

Hvergi er mikið rof á uppgæðslusvæðinu en 60 ha (11,5%) flokkast með talsvert rof, um 168 ha (32,1%) flokkast með nokkurt rof og 295 ha (56,4) með lítið rof (kort 64).



Kort 64. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.


Almennt er yfirborð svæðisins nokkuð stöðugt. Það má sjá annars vegar á því að lífræn jarðvegsskán er mjög útbreidd á uppgræðslusvæðunum og hins vegar á því að hvergi var hlutfall af lausum sandi á yfirborði >10% (kort 65).



Kort 65. Lífræn jarðvegsskán á uppgræðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.


Auk lífrænnar jarðvegsskánar vex víðir um allt svæðið, ýmist stakar plöntur eða í eyjum, og lyng finnst einnig víða. Aðrar vísiplöntur s.s. birki, melgresi og lúpína finnst ekki á svæðinu.

Töluvert stór svæði á melunum flokkast sem nokkuð grýtt þ.e. hlutfall grjóts á yfirborði er 10-33% en það hamlar þó ekki uppgræðsluaðgerðum. Sunnan við Faxagil er svæði sem telst talsvert grýtt en þar getur verið erfitt af fara um með tæki og sama á við farveginn ofan Faxagils sem er mjög grýttur (kort 66).



Kort 66. Grjót á yfirborði á uppgræðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á samtals um 50 ha lands. Meginhluti svæðisins flokkast með ósamfellt viðhald eða 443 ha og á 27 ha svæði er lagt til árlegt viðhald en þar eru gamlar uppgræðslur þar sem engin gróðurframvinda er sjáanleg. Á um 3 ha svæði í farvegi Faxagils hafa svo ekki verið neinar uppgræðslufrákvæmdir (kort 67).



Kort 67. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Faxahús skv. kortlagningu 2022.


3.10 Svæði 10 – Glúmsstaðadalur

Uppgræðslusvæðið í Glúmsstaðadal er í vestanverðum dalnum og liggur í um og yfir 600m h.y.s. (kort 2). Það einkennist af melum og rýru mólendi. Vestast á aðgerðasvæðinu eru melar þar sem uppgræðsla er mislangt komin, en þeir flokkast frá því að vera hálfgrónir (mynd 60a) yfir í algróna (mynd 60b).



Mynd 60. Uppgræðslur á melum í Glúmstaðadal sem eru frá því að vera hálfgrónir (mynd a) yfir í algrónir (mynd b).


Í kringum melana eru rýr mólendissvæði sem eru víða nokkuð vel gróin en talsvert rofin, bæði dílarof (mynd 61a) og rofabörð (mynd 61b) .



Mynd 61. Rýrt mólendi sem er talsvert rofið bæði af dílarofi (mynd a) og rofabörðum (mynd b).


3.10.1 Glúmsstaðadalur - niðurstöður

Uppgræðslusvæðið er rúmlega 46 ha að stærð og er nokkuð vel gróið þar sem gróðurþekja er alls staðar yfir 50% nema á einum mel sunnarlega á svæðinu (kort 68). Tæpir 2 ha (4,3%) flokkast sem algrónir, 32 ha (69,6%) eru vel grónir og 9 ha (19,6%) hálfgrónir. Einungis 3 ha (6,5%) teljast lítið grónir.




Kort 68. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Glúmstaðadal skv. kortlagningu 2022.

Lítið jarðvegsrof er á melunum vestast á svæðinu og flokkast 5 ha (10,9%) með lítið rof og 10 ha (21,7%) með nokkurt rof. Meginhluti svæðisins flokkast með talsvert rof, bæði dílarof og rofabörð eða 29 ha (63,1%) og mikið rof er ennþá í nokkrum rofabörðum austast á svæðinu, á um 2 ha (4,3%) svæði (kort 69).



Kort 69. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Glúmstaðadal skv. kortlagningu 2022.

Vegna þess hve svæðið er rofið er víða lítilsháttar sandur á yfirborði en hlutfall hans fer þó ekki yfir 10% nema við jaðra rofabarðanna og á lítið grónum, grýttum mel sunnarlega á svæðinu (kort 70). Á rofsvæðunum er útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar ekki mikil þó hún finnist um allt svæðið en þekja hennar er meiri á melunum vestast á svæðinu (kort 70).




Kort 70. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Glúmstaðadal skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir og lyng finnst á svo til öllu svæðinu, ýmist í eyjum eða sem stakar plöntur en hvorki birki, melgresi né lúpína.

Stærstur hluti svæðisins er lítið grýttur en þó er melurinn sunnarlega á svæðinu sem er lítið gróinn, talsvert grýttur og erfiður yfirferðar.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á um 2 ha svæði. Lang stærstur hluti svæðisins flokkast með ósamfellt viðhald eða 42 ha en á 2 ha svæði, við rofabörðin austarlega á svæðinu er lagt til árlegt viðhald en þar væri æskilegt að handdreifa fræi (kort 71).



Kort 71. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Glúmstaðadal skv. kortlagningu 2022.


3.11 Svæði 11 – Laugarvellir

Uppgræðslusvæðið er í sunnanverðum Laugarvalladal í nágrenni eyðibýlisins Laugarvalla og liggur að mestu í 520-560 m hæð yfir sjó (kort 2). Það einkennist af melum og rýru mólendi þar sem víða eru rofabörð við jaðra (mynd 62).



Mynd 62. Horft yfir uppgræðslur á melum og rýru mólendi með rofabörðum við Laugarvelli.

Þau svæði sem ekki hafa blásið upp eru algróin og talsvert stór hluti melasvæðanna eru orðin vel gróin (myndir 63a og 63b).



Mynd 63. Vel grónar uppgræðslur á melum við Laugarvelli.

Hluti svæðisins flokkast sem hálfgróinn en í flestum tilfellum er gróðurþekjan þó yfir 50% á þeim svæðum (myndir 64a og 64b).



Mynd 64. Hálfgróin uppgræðslusvæði við Laugarvelli, annars vegar melasvæði (mynd a) og hins vegar rýr mólendi með rofabörðum (mynd b).


Syðst og vestast á svæðinu eru svo lítið gróin melar þar sem lítið hefur verið unnið að uppgræðslu (mynd 65).



Mynd 65. Lítið gróinn melur syðst á uppgræðslusvæðinu á Laugarvöllum.


3.11.1 Laugarvellir - niðurstöður

Uppgræðslusvæðið er rúmlega 115 ha að stærð og er að mestu nokkuð vel gróið. Rúmir 25 ha (21,7%) flokkast sem algrónir, 44 ha (38,3%) eru vel grónir og 29 ha (25,2%) eru hálfgrónir en þar ef eru einungis 2 ha með gróðurþekju undir 50%. Um 16 ha (13,9%) eru lítið grónir og 1 ha (0,9%) flokkast sem lítt eða ógróinn (kort 72).




Kort 72. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu á Laugarvöllum skv. kortlagningu 2022.

Fremur lítið jarðvegsrof er á stórum hluta svæðisins því 44 ha (38,3%) flokkast með lítið jarðvegsrof og nokkurt rof er á 38 ha (33%). Talsvert rof er á rúmlega 29 ha (25,2%) og mikið rof á um 4 ha (3,5%) svæði en þetta eru í flestum tilfellum rofabarðasvæði (kort 73).



Kort 73. Jarðvegsrof á uppgæðslusvæðinu á Laugarvöllum skv. kortlagningu 2022.


Víða er yfirborð svæðanna nokkuð stöðugt vegna þess hve vel gróin þau eru en þó er dálítill sandur á yfirborði, einkum á rofabarðasvæðunum og á lítið gróna melnum syðst (kort 74).



Kort 74. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgæðslusvæðinu á Laugarvöllum skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir er á svo til öllu svæðinu og allvíða vex hann í breiðum eða eyjum og lyng er einnig nokkuð víða. Birki, melgresi og lúpína finnast hins vegar ekki á svæðinu. Nokkur lítill melasvæði, einkum ofan við eyðibýlið á Laugarvöllum eru talsvert grýtt en að öðru leyti er svæðið mjög lítið grýtt.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar telst uppgræðslu lokið á um 31 ha svæði og að mestu lokið á 6 ha. Um helmingur svæðisins flokkast með ósamfellt viðhald eða 57 ha en á tæplega 14 ha svæði er lagt til árlegt viðhald til að viðhalda þeirri litlu gróðurþekju sem komin er á þau svæði. Engar uppgræðslur eru á rúmlega 2 ha lands og á um 5 ha svæði meðfram Laugarvallaá hafa svo uppgræðslur skemmst (kort 75).



Kort 75. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Laugarvöllum skv. kortlagningu 2022.

3.12 Svæði 12 – Laugarvalladalur

Uppgræðslusvæðið er vestan Laugarvallaár í norðanverðum Laugarvalladal (kort 2) og liggur að mestu í 480-500 m hæð yfir sjó. Það einkennist af uppblásnum melum þar sem dálítill rofabörð eru víða við jaðra eldri gróðurtorfa.

Svæðið sunnan Vesturdalsár er að mestu hálfgróið og á suðurhluta þess er melgresi víða nokkuð áberandi og dálítill rofabörð (mynd 66a) en nyrst er melasvæði þar sem lífræn jarðvegsskán er áberandi í sverði (mynd 66b).



Mynd 66. Hálfgróin svæði sunnan Vesturdalsár í Laugarvalladal, á suðurhlutanum er melgresi áberandi og dálítill rofabörð (mynd a) en nyrst melasvæði með lífrænni jarðvegsskán (mynd b)

Norðan Vesturdalsárinnar eru hálfgróin svæði einnig mest áberandi. Gróðurpekja þeirra er ýmist 34-50% (myndir 67a og 67b) eða 51-66% (myndir 68a og 68b).




Mynd 67. Hálfgróin svæði norðan Vesturdalsár í Laugarvalladal þar sem gróðurpekjan er að jafnaði 34-50%.



Mynd 68. Hálfgróin svæði norðan Vesturdalsár þar sem gróðurþekjan er að jafnaði 51-66%.


Þó stærstur hluti uppgræðslusvæðisins í Laugarvalladal sé hálfgróinn má á einum stað finna lítið gróna mela (mynd 69a) og nokkur vel gróin rýr mólendissvæði þar sem víðir er áberandi (myndir 69b og 69c)



Mynd 69. Misvel gróin uppgræðslusvæði í Laugarvalladal. Allt frá lítið grónum mel (mynd a) yfir í vel gróið mólendi annars vegar sunnan Vesturdalsár (mynd b) og hins vegar norðan árinna (mynd c).


3.12.1 Laugarvalladalur - niðurstöður

Uppgræðslusvæðið er 154 ha að stærð. Um 18 ha (11,7%) flokkast sem vel grónir en lang stærstur hlut svæðisins eða 126 ha (81,8%) eru hálfgrónir og þar af eru 75 ha með gróðurþekju yfir 50%. Um 10 ha (6,5%) eru lítið grónir (kort 76).




Kort 76. Gróðurþekja á uppgæðslusvæðinu í Laugarvalladal skv. kortlagningu 2022.

Talsvert jarðvegsrof er á allstórum hluta svæðisins eða 65 ha (42,2%), um 83 ha (53,9%) flokkast með nokkurt jarðvegsrof og einungis tæpir 6 ha (3,9%) flokkast með lítið rof (kort 77).



Kort 77. Jarðvegsrof á uppgæðslusvæðinu í Laugarvalladal skv. kortlagningu 2022.


Víða er yfirborð svæðanna nokkuð sendið og því frekar óstöðugt en lífræn jarðvegsskán hefur þó nokkra útbreiðslu einkum sunnan Vesturdalsár og þar er yfirborðið stöðugra (kort 78).



Kort 78. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Laugarvalladal skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Víðir er á svo til öllu svæðinu og víðast hvar vex hann í breiðum eða eyjum og melgresi er einnig nokkuð víða, einkum á suðurhluta svæðisins þar sem það vex ýmist sem stakir toppar eða í breiðum. Birki og lúpína finnast hins vegar ekki á svæðinu. Svæðið er mjög lítið grýtt.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu að mestu lokið á rúmlega 4 ha en að öðru leyti flokkast allt svæðið eða um 150 ha með ósamfellt viðhald (kort 79).



Kort 79. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Laugarvalladal skv. kortlagningu 2022.

3.13 Svæði 13 – Hallarfjall

Uppgræðslusvæðið við Hallarfjall er víðfemt melasvæði norður af Hafrahvammagljúfrum, vestan Jöklu (kort 2). Það liggur í um og yfir 600m hæð yfir sjávarmáli (mynd 70).



Mynd 70. Horft til norðurs yfir uppgræðslusvæðið við Hallarfjall.

Hluti uppgræðslusvæðanna virðast vera nokkuð gróin yfir að líta en í raun er gróðurþekjan víðast hvar mjög gisin og flokkast flest svæðin frá því að vera lítið gróin þ.e. með 11-33% þekju (myndir 71a og 71b) og yfir í það að teljast hálfgróin þar sem gróðurþekjan er þó undir 50% (myndir 72a og 72b).



Mynd 71. Lítið grónir melar á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall, annars vegar norður undir Skógarhálsi þar sem engin skán er í sverði (mynd a) og hins vegar vestan við Hallarfjall þar sem eru blettir af skán (mynd b).



Mynd 72. Hálfgrónir melar á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall þar sem gróðurþekja er að jafnaði undir 50%, annars vegar norður við Skógarháls (mynd a) og hins vegar vestan við Hallarfjall (mynd b).


Meðfram Hallarfjallinu er lítið svæði með rýru mólendi sem flokkast sem vel gróið en þar eru rofabörð með talsverðu rofi (mynd 73).



Mynd 73. Horft yfir lítið gróna og hálfgróna mela í átt að vel grónu en rýru mólendi meðfram Hallarfjalli.


3.13.1 Hallarfjall - niðurstöður

Heildarstærð kortlagða svæðisins við Hallarfjall er um 232 ha. Einungis um 8 ha (3,4%) teljast vel grónir en 100 ha (43,1%) eru hálfgrónir og á öllum þeim svæðum er gróðurþekjan undir 50%. Ríflega helmingur svæðisins eða 124 ha (53,5%) flokkast svo sem lítið grónir (kort 80).




Kort 80. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall skv. kortlagningu 2022.

Jarðvegsrof telst ekki mikið á stórum hluta svæðisins en þó eru 46 ha (19,8%) sem flokkast með talsvert rof en aðrir hlutar svæðisins eða 186 ha (80,2%) flokkast með nokkurt rof (kort 81).



Kort 81. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall skv. kortlagningu 2022.

Mjög lítið er af lausum sandi á yfirborði og einungis á litlu rofabarðasvæði vestan undir Hallarfjalli fer hlutfall hans yfir 10% (kort 82). Lífræn jarðvegsskán finnst um allt svæðið en þekja hennar er yfirleitt mjög lítil þar sem gróðurþekja er undir þriðjungi en hlutfall hennar eykst með aukinni gróðurþekju (kort 82).




Kort 82. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall skv. kortlagningu 2022 og laus sandur á yfirborði.

Það vakti athygli hve mikið er af víði en hann finnst á öllu svæðinu og víða er hlutfall hans í gróðurþekjunni talsvert hátt (mynd 72). Aðrir vísitægundir s.s. birki og melgresi finnst ekki á svæðinu. Allt svæðið er mjög lítið grýtt.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðsla fremur stutt á veg komin á ríflega helmingi svæðisins og því er lagt til árlegt viðhald næstu 2-3 árin á alls 124 ha svæði. Annars

staðar á svæðinu, á um 108 ha lands þar sem gróðurþekja er meiri er lagt til ósamfellt viðhald (kort 83).



Kort 83. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu við Hallarfjall skv. kortlagningu 2022.

3.14 Svæði 14 – Teigasel

Uppgræðslusvæðið í landi Teigasels er annars vegar á nokkrum litlum melakollum ofan Jökuldalsvegar eystri og hins vegar er meginhluti svæðisins sem nær frá bænum í Teigaseli, upp með Teigará, eftir Kálfafelli og meðfram vegaslóða, allt upp að Tindafelli. Neðsti hluti svæðisins er í um 200 h.y.s. en það nær upp í um og yfir 600m hæð yfir sjávarmáli (kort 2). Svæðið einkennist af melum, mosabæmbum og rýru mólendi (mynd 74).



Mynd 74. Horft frá Kálfafelli til norðurs eftir mosagrónum melum á uppgræðslusvæði Teigasels.

Uppgræðslusvæðið er að mestu vel gróið. Bæði eru þar algróin svæði þar sem uppgræðslu er lokið (myndir 75a og 75b) og stór vel gróin svæði þar sem uppgræðslu er víða að mestu lokið (myndir 76a og 76b).



Mynd 75. Algróin svæði þar sem uppgræðslu er lokið, við Kálfafell (mynd a) og við slóða upp með Teigará (mynd b).



Mynd 76. Vel gróin svæði þar sem uppgræðslu er að mestu lokið. Mynd a) horft til suðausturs að Tindafelli, mynd b) við slóða á svæði austan Kálfafells.


Einnig eru nokkur svæði sem teljast hálfgróin (mynd 77a) og melakollarnir ofan Jökuldalsvegar eystri flokkast sem lítið grónir (mynd 77b). Sama má segja um mela við Tindafell.



Mynd 77. Uppgræðslusvæði í landi Teigasels, annars vegar hálf gróin svæði á Kálfafelli (mynd a) og hins vegar lítið gróin svæði á melum ofan Jökuldalsvegar eystri (mynd b).


3.14.1 Teigasel - niðurstöður

Heildarstærð uppgræðslusvæðisins sem kortlagt var í landi Teigasels er 118 ha. Um 18 ha (15,3%) teljast algrónir og 67ha (56,8%) vel grónir, 22 ha (18,6%) eru hálfgrónir með yfir 50% gróðurþekju en 11 ha (9,3%) flokkast sem lítið grónir (kort 84).



Kort 84. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Teigaseli skv. kortlagningu 2023.


Almennt er lítið jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu þar sem 22 ha (18,7%) flokkast með lítið rof, 85 ha (72%) með nokkurt rof. Undantekning frá þessu eru melarnir ofan Jökuldalsvegur og uppi við Tindafell þar sem 11 ha (9,3%) flokkast með talsvert rof (kort 85).



Kort 85. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Teigaseli skv. kortlagningu 2023.


Lyng er útbreitt á öllu svæðinu og vex víða í eyjum en mosapembur eru einnig áberandi. Fremur lítið er af víði á svæðinu en stakar plöntur finnast þó mjög víða. Aðrar vísitegundir s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu. Mjög lítið er af lausum sandi á yfirborði og fer hlutfall hans hvergi yfir 10%. Svæðið telst almennt lítið grýtt.

Lífræn jarðvegsskán finnst alls staðar nema á hluta algrónu svæðanna og víðast hvar er útbreiðsla hennar í eyjum (kort 86).



Kort 86. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Teigaseli skv. kortlagningu 2023.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á 18 ha lands og að mestu lokið á um 50 ha. Annars staðar á svæðinu, á um 50 ha lands er lagt til ósamfellt viðhald (kort 87).



Kort 87. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í Teigaseli skv. kortlagningu 2023.

3.15 Svæði 15 – Hnefilsdalur

Uppgræðslusvæðið í landi Hnefilsdals nær frá melakollum vestan Húsár sem eru í um 200 h.y.s. og teygir sig til suðurs upp mela norðan í Húsárfjalli upp í allt að 550m hæð yfir sjávarmáli (kort 2). Það einkennist af melum og rýru mólendi (mynd 78).



Mynd 78. Horft niður eftir uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal sem einkennist af melum og rýru mólendi.

Stór hluti uppgræðslusvæðisins er vel gróinn og neðarlega á svæðinu eru melar þar sem uppgræðslu telst lokið (mynd 79a) eða að mestu lokið (mynd 79b).



Mynd 79. Vel gróin melar neðarlega á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal, annars vegar þar sem uppgræðslu er lokið (mynd a) og hins vegar að mestu lokið nema í rofabörðum (mynd b).

Ofar í landinu eru einnig vel gróin svæði, bæði þar sem borið hefur verið á mela (mynd 80a) og einnig þar sem borið hefur verið á rýr mólendi (mynd 80b).



Mynd 80. Vel gróin svæði, annars vegar á melum (mynd a) og hins vegar rýru mólendi (mynd b).

Annarsstaðar er uppgræðsla heldur styttra á veg komin og þau svæði flokkast sem hálfgróin, ýmist með 51-66% gróðurþekju (mynd 81a) eða 34-50% gróðurþekju (mynd 81b).




Mynd 81. Hálfgróinir melar á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal, annars vegar með gróðurþekju 51-66% (mynd a) og hins vegar með gróðurþekju 34-50% (mynd b).

3.15.1 Hnefilsdalur - niðurstöður


Heildarstærð uppgræðslusvæðisins sem kortlagt var í landi Hnefilsdals er ríflega 68 ha. Um 2 ha (2,9%) teljast algrónir og 42 ha (61,8%) vel grónir en að öðru leyti flokkast svæðið sem

hálfgróið og þar af eru 18 ha (26,5%) með yfir 50% gróðurþekju en 6 ha (8,8%) með undir 50% þekju (kort 88).



Kort 88. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal skv. kortlagningu 2023.


Almennt er fremur lítið jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu þar sem 29 ha (43%) flokkast með lítið rof, 30 ha (44%) með nokkurt rof og á 9 ha (13%) eru dálítill rofabarðasvæði sem flokkast með talsvert rof (kort 89).



Kort 89. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal skv. kortlagningu 2023.


Lyng er útbreitt á öllu svæðinu og vex víða í breiðum eða eyjum. Stakar plöntur af víði finnast einkum syðst á svæðinu en aðrir vísitægundir s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu. Mjög lítið er af lausum sandi á yfirborði og fer hlutfall hans hvergi yfir 10%. Svæðið telst almennt lítið grýtt þó einstaka svæði innan þess flokkist sem nokkuð grýtt.

Lífræn jarðvegsskán er víða á svæðinu nema á syðsta hluta þess. Mest er útbreiðsla hennar nyrst en annars staðar er útbreiðsla hennar ekki eins samfelld (kort 90).



Kort 90. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Hnefilsdal skv. kortlagningu 2023.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á tæplega 6 ha lands og að mestu lokið á 13 ha á neðri hluta svæðisins. Engar uppgræðslur eru á tæplega 1 ha en annars staðar á svæðinu, á um 48 ha lands er lagt til ósamfellt viðhald (kort 91).



Kort 91. Uppgræðslumat á uppgæðslusvæðinu í Hnefilsdal skv. kortlagningu 2023.

3.16 Svæði 16 – Mælivellir

Uppgræðslusvæðið á Mælivöllum nær frá áreyrum niður við Jöklu sem eru í um 150m h.y.s. og upp eftir melakollum norðaustan í Hnefli upp í um 550m hæð yfir sjávarmáli (kort 2). Það einkennist af rýru mólendi og melum þar sem mosaþemba er sums staðar áberandi (mynd 82).



Mynd 82. Horft til norðausturs niður eftir uppgræðslusvæðinu á Mælivöllum, í forgrunni er vel gróið svæði þar sem uppgræðslu telst lokið.

Megnið af uppgræðslusvæðunum eru vel gróin og víða telst uppgræðslu lokið m.a. á áreyrunum við Jöklu (mynd 83a) og einnig á allstórum mólendis- og melasvæðum ofar í hlíðum Hnefils (mynd 83b).



a)



b)

Mynd 83. Algróin svæði þar sem uppgræðslu er lokið, annars vegar á áreyrum Jöklu (mynd a) og hins vegar á mosagrónum mel hátt í hlíðum Hnefils (mynd b).

Annars staðar telst uppgræðslu ekki alveg lokið þrátt fyrir að gróðurþekjan sé orðin nokkuð mikil (mynd 84).



Mynd 84. Vel gróið svæði í hlíðum Hnefils þar sem uppgræðslu er að mestu lokið.

Almennt er gróðurþekjan heldur minni efst á uppgræðslusvæðinu en þar er lífræn jarðvegsskán víða áberandi (mynd 85a). Þar eru m.a. nokkuð stór hálfgróin svæði þar sem gamalt dílarof er að lokast með þekju af skán (mynd 85b).




Mynd 85. Uppgræðslur efst á Mælivallasvæðinu (mynd a) þar sem lífræn jarðvegsskán er nokkuð áberandi og er m.a. langt komin með að loka gömlum dílarofssárum (mynd b).

3.16.1 Mælivellir - niðurstöður


Heildarstærð uppgræðslusvæðisins sem kortlagt var á Mælivöllum er 174 ha. Um 73 ha (42%) teljast algrónir og 55 ha (31,6%) vel grónir. Um 41 ha (23,5%) flokkast sem hálfgróið og þar af eru

26 ha með yfir 50% gróðurþekju en 15 ha með undir 50% þekju og 5 ha (2,9%) eru lítið grónir (kort 92).



Kort 92. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu á Mælivöllum skv. kortlagningu 2023.


Almennt er fremur lítið jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu þar sem 101 ha (58%) flokkast með lítið eða ekkert rof, tæpir 64 ha (36,8%) með nokkurt rof og einungis 9 ha (5,2%) með talsvert rof (kort 93).



Kort 93. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu á Mælivöllum skv. kortlagningu 2023.


Lyng er útbreitt á svo til öllu svæðinu nema á áreyrunum og vex víða í breiðum eða eyjum. Stakar plöntur af víði finnast einum syðst og efst á svæðinu en aðrir vísitegundir s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu. Svæðið telst almennt lítið grýtt þó einstaka svæði ofarlega í Hnefli flokkist sem nokkuð grýtt.

Yfirborð svæðisins er yfirleitt fremur stöðugt því mjög lítið er af lausum sandi á yfirborði en þó er dálítill sandur utan í melum efst á svæðinu (kort 94). Lífræn jarðvegsskán er einnig útbreidd, einkum efst á svæðinu þar sem gróðurþekjan er einna rýrust (kort 94).



Kort 94. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu á Maelivöllum skv. kortlagningu 2023 og laus sandur á yfirborði.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á um 86 ha lands og að mestu lokið á rúmlega 15 ha. Annars staðar á svæðinu eða á um 73 ha lands er lagt til ósamfellt viðhald (kort 95).



Kort 95. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu á Mælivöllum skv. kortlagningu 2023.

3.17 Svæði 17 – Merki

Uppgræðslusvæðið í landi Merkis er uppi á heiðarbrúninni ofan bæjarins, á Merkisheiði og er að mestu í 500-550m h.y.s. (kort 2). Það einkennist af uppblásnum melum og rýru mólendi þar sem víða eru rofabörð við jaðra melasvæðanna (mynd 86).



Mynd 86. Horft til norðurs yfir uppgræðslusvæðið í landi Merkis sem einkennist af melum og rofabörðum við jaðra melanna.

Uppgræðsla mela er mis langt komin á svæðinu allt frá vel grónum melum (mynd 87a), yfir í lítt gróna mela (mynd 87b).




Mynd 87. Vel gróinn melur við Stóralæk (mynd a) og lítt gróinn melur nokkru vestar á svæðinu (mynd b).

Algengast er þó að melarnir flokkist sem hálfgrónir og er gróðurþekjan þá ýmist 34-50% (mynd 88a) eða 51-66% (mynd 88b).




Mynd 88. Dæmi um hálf gróna mela á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis þar sem gróðurþekjan er á bilinu 34-67%.

Víða á svæðinu eru rofabörð við jaðra melanna þar sem unnið er að uppgræðslu (myndir 89a og 89b).



Mynd 89. Rofabörð á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis.


Á nyrsta hluta svæðisins, sem var að mestu kortlagður eftir ljósmyndum teknum með dróna og loftmyndum, eru hálfgróin melasvæði en milli þeirra eru vel gróin svæði þar sem mosi og lífræn jarðvegsskán eru áberandi (mynd 90).



Mynd 90. Horft til norðurs yfir nyrsta hluta uppgræðslusvæðisins í landi Merkis þar sem skiptast á hálfgrónir melar og vel gróin svæði þar sem mosi og lífræn jarðvegsस्कán eru áberandi.


3.16.1 Merki - niðurstöður

Heildarstærð uppgræðslusvæðisins í landi Merkis er 117 ha. Um 19 ha (16%) teljast algrónir og 22 ha (19%) vel grónir. Um 44 ha (38%) flokkast sem hálfgrónir og þar af eru 25 ha með yfir 50% gróðurþekju. Um 22 ha (19%) eru lítið grónir og 10 ha (8%) lítt eða ógrónir (kort 96).



Kort 96. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis skv. kortlagningu 2023.


Á stórum hluta uppgræðslusvæðisins er fremur lítið jarðvegsrof því 37 ha (32%) flokkast með lítið rof og tæpir 41 ha (35%) með nokkurt rof. Talsvert rof er á 32 ha (27%) og á 7 ha (6%) eru rofabarðasvæði með miklu rofi (kort 97).




Kort 97. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis skv. kortlagningu 2023.

Lyng finnst á svo til öllu svæðinu en mjög víða bara sem stakar plöntur. Stakar plöntur af víði eru einnig nokkuð víða á melunum en aðrir vísitögundir s.s. birki, melgresi og lúpína finnst ekki á svæðinu. Stærstu melarnir á uppgræðslusvæðinu eru nokkuð grýttir en að öðru leyti er svæðið lítið grýtt. Yfirborð svæðisins er yfirleitt fremur stöðugt því mjög lítið er af lausum sandi á yfirborði og er þekja hans hvergi yfir 10%. Lífræn jarðvegsskán finnst víða á svæðinu en þekja hennar er þó mjög misjöfn (kort 98).

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar telst uppgræðslu lokið á tæplega 7 ha lands og að mestu lokið á rúmlega 7 ha. Engar uppgræðslur eru á um 3 ha en annars staðar á svæðinu eða á um 100 ha lands er lagt til ósamfellt viðhald (kort 99).



Kort 98. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Merki skv. kortlagningu 2023.



Kort 99. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í landi Merkis skv. kortlagningu 2023.


3.18 Svæði 18 – Klaustursel

Uppgræðslusvæðið liggur meðfram Víðidalsá og nær frá túnum í Klausturseli og upp á heiðina, frá 350m hæð upp í um og yfir 500m h.y.s. (kort 2). Það einkennist fyrst og fremst af uppblásnum melum en einnig eru rýr mólendi og rofabörð við jaðra melasvæðanna (mynd 91).



Mynd 91. Horft til norðausturs niður eftir uppgræðslusvæðinu í Klausturseli, í forgrunni eru hálfgrónir melar en fjær vel gróin svæði niður með Víðidalsá.

Neðsti hluti uppgræðslusvæðisins er vel gróinn og þar telst uppgræðslu að mestu lokið (mynd 92a) og sama má segja um hluta melanna norðvestan til í heiðarbrúninni (mynd 92b).



Mynd 92. Vel gróin svæði þar sem uppgræðslu er að mestu lokið, annars vegar í hlíðinni upp með Víðidalsá (mynd a) og hins vegar uppi í heiðarbrúninni norðvestan til (mynd b).

Megin hluti svæðisins eru hálfgrónir melar (mynd 93) en einnig eru lítið grónir melar syðst og vestast á svæðinu og nokkuð er um rofabörð við austurjaðar svæðisins (mynd 94).



Mynd 93. Hálf grónir melar sem eru einkennandi fyrir uppgræðslusvæðið í Klausturseli.



Mynd 94. Rofabörð við austurjaðar uppgræðslusvæðisins í Klausturseli og lengst til hægri á mynd er horft yfir á lítið gróna mela.


Dálítill sandur er á yfirborði við rofabörðin sunnarlega á svæðinu og talsverður sandur er í sverði á afmörkuðu svæði vestan rofabarðanna (mynd 95).



Mynd 95. Talsverður sandur er í sverði á afmörkuðu svæði sunnarlega á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli.


3.16.1 Klaustursel - niðurstöður

Heildarstærð uppgræðslusvæðisins sem kortlagt var í Klausturseli er 65 ha. Um 18,7 ha (29%) teljast vel grónir, 36,5 ha (56%) flokkast sem hálfgróið og þar af eru 18 ha með yfir 50% gróðurþekju og 9,8 ha (15%) eru lítið grónir (kort 100).



Kort 100. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli skv. kortlagningu 2023.


Á suðurhluta svæðisins eru bæði sendnir melar og rofabarðasvæði sem flokkast með mikið rof, alls 14,1 ha (21,7%). Talsvert rof er á 25,6 ha (39,4%), nokkurt rof á 14,7 ha (22,6%) en um 10,6 ha (16,3%) flokkast með lítið rof (kort 101).



Kort 101. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli skv. kortlagningu 2023.

Lyng og víðir er útbreitt á öllu svæðinu en víðast hvar eru þó bara stakar plöntur. Aðrar vísitengundir s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu.


Yfirborð uppgræðslusvæðisins er víðast hvar fremur stöðugt en á öllum norðurhluta svæðisins er mjög lítið af lausum sandi á yfirborði og lífræn jarðvegsskán útbreidd. Sunnarlega á svæðinu eru hins vegar sendnari svæði, bæði efst á melnum og á rofabarðasvæði neðan hans (kort 102).



Kort 102. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli skv. kortlagningu 2023 og laus sandur á yfirborði.

Melarnir sem liggja hæst í landinu á uppgræðslusvæðinu í Klausturseli eru nokkuð grýttir og einnig eru melar við Víðidalsá þar sem komið er upp á heiðarbrúnina talsvert grýttir. Að öðru leyti er svæðið lítið grýtt.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu að mestu lokið á tæplega 7 ha lands en annars staðar á svæðinu er lagt til ósamfellt viðhald (kort 103).



Kort 103. Uppgræðslumat á uppgæðslusvæðinu í Klaustrseli skv. kortlagningu 2023.


3.19 Svæði 19 – Eiríksstaðir

Uppgræðslur í landi Eiríksstaða eru á tveimur svæðum, annars vegar á mel vestur undir Þverá sem er vestast á jörðinni og er í um 540m h.y.s og hins vegar á melum austast á jörðinni sem liggja upp með Búðará og eru í 350-480m h.y.s. (kort 2).

Svæðið við Þverá einkennist af uppblásnum mel (mynd 96). Sums staðar eru lítilsháttar rofabörð við jaðra melsins (mynd 97a) og við vesturjaðar svæðisins er gróðurjaðarinn dálítið sendinn (mynd 97b).



Mynd 96. Mynd tekin með dróna þar sem horft til norðausturs yfir uppgræðslusvæðið í landi Eiríksstaða sem er vestur undir Þverá.




Myndir teknar með dróna þar sem horft til norðurs yfir uppgræðslusvæði á mel vestur undir Þverá (mynd a) og niður á jaðar gróðurlendisins vestast á uppgræðslusvæðinu (mynd b).

Uppgræðslusvæðið við Búðará einkennist af melum sem blásið hafa upp en á nokkrum stöðum eru einnig rofabörð við jaðra þeirra. Melasvæðin við Búðará eru víða algróin eða mjög vel gróin og telst uppgræðslu lokið (mynd 98a og 98b) eða að mestu lokið (mynd 99a og 99b) á þeim svæðum.



Mynd 98. Vel gróin svæði þar sem uppgræðslu er lokið í landi Eiríksstaða, annars vegar á mel upp með Brúará (mynd a) og hins vegar neðan Jökuldalsveggar, við Jöklu (mynd b).



Mynd 99. Vel gróin svæði upp með Búðará þar sem uppgræðslu er að mestu lokið.


Inn á milli eru svæði þar sem uppgræðslur eru styttra á veg komnar og þar eru bæði hálf gróin svæði (mynd 100a) og svæði með lítilli gróðurþekju (mynd 100b) sem jafnframt eru talsvert grýtt.



Mynd 100. Hálfgróið svæði norðarlega á melnum við Búðará (mynd a) og lítið gróið, talsvert grýtt svæði austast í melnum (mynd b).


3.19.1 Eiríksstaðir - niðurstöður

Heildarstærð uppgræðslusvæðanna sem kortlögð voru í landi Eiríksstaða er um 85 ha. Ríflega 8 ha (9%) teljast algrónir og 34 ha (40%) vel grónir. Um 38 ha (45%) flokkast sem hálfgróið land og þar af eru 5,5 ha með yfir 50% gróðurþekju og 5 ha (6%) teljast lítið grónir (kort 104).



Kort 104. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðunum í landi Eiríksstaða skv. kortlagningu 2023.


Almennt er fremur lítið jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu þar sem ríflega 29 ha (34%) flokkast með lítið rof, tæpir 44 ha (52%) með nokkurt rof en 12 ha (14%) flokkast þó með talsvert rof (kort 105).



Kort 105. Jarðvegsrofi á uppgræðslusvæðunum í landi Eiríksstaða skv. kortlagningu 2023.

Stakar plöntur af víði og lyngi finnast allstaðar á uppgræðslusvæðinu við Búðará og einnig við jaðra melasvæðisins við Þverá. Aðrar vísitægundir s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu.


Almennt er fremur lítið af lausum sandi á yfirborði en þó er gróðurjaðarinn vestan við melasvæðið við Þverá dálítið sendinn (kort 106). Lífræn jarðvegsskán er mjög víða á uppgræðslusvæðunum en þekja hennar er áberandi mest á vel grónu melunum upp með Búðará (kort 106).



Kort 106. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðunum í landi Eiríksstaða skv. kortlagningu 2023 og laus sandur á yfirborði.

Uppgræðslusvæðið á melunum við Þverá er mjög lítið grýtt en hins vegar eru melarnir upp með Búðará víða nokkuð grýttir og á minnst grónu svæðunum, austast á melunum eru talsvert grýtt svæði sem geta verið erfið yfirferðar.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á rúmlega 17 ha og að mestu lokið á um 18 ha. Annars staðar á svæðinu, á um 50 ha lands er lagt til ósamfelld viðhald (kort 107).



Kort 107. Uppgræðslumat á uppgæðslusvæðunum í landi Eiríksstaða skv. kortlagningu 2023.

3.20 Svæði 20 – Hákonarstaðir

Uppgræðslusvæðið í landi Hákonarstaða er sunnan við Hnjúksvatn (kort 2) og liggur í um 600-650m hæð yfir sjávarmáli. Það einkennist af melum og rýru mólendi (mynd 101).



Mynd 101. Horft til norðausturs yfir uppgræðslusvæðið sunnan Hnjúksvatns í landi Hákonarstaða.

Uppgræðslusvæðið er að víða vel gróið, bæði uppi á melunum þar sem uppgræðslu er að mestu lokið (mynd 101) en þó einkum svæðin næst vatninu þar sem borið hefur verið á rýr mólendi (mynd 102a og 102b).




Mynd 102. Horft yfir vel gróin svæði í hlíðum uppgræðslusvæðisins sunnan Hnjúksvatns.

Á suður- og vesturhlutanum er gróðurþekja víða 51-66% (mynd 103a og 103b).



Mynd 103. Hálf grónir melar á uppgræðslusvæði Hákonarstaða þar sem gróðurþekja er 51-66%.


Austasti hluti svæðisins er einna minnst gróinn og þar er gróðurþekjan undir 50% (mynd 104a) og þar er einnig mesta rofið á svæðinu % (mynd 104b).



Mynd 104. Hálfgrónir melar með <50% gróðurþekju austast á svæðinu (mynd a) og rofsvæði rétt austan skála við Hnjúksvatn (mynd b).


3.20.1 Hákonarstaðir - niðurstöður

Heildarstærð uppgræðslusvæðisins sem kortlagt var í landi Hákonarstaða er tæplega 63 ha. Um 19 ha (30,2%) teljast algrónir og 15 ha (23,8%) vel grónir. Að öðru leyti flokkast svæðið sem hálfgróið og þar af eru 16 ha (25,4%) með yfir 50% gróðurþekju en 13 ha (20,6%) með undir 50% þekju (kort 108).




Kort 108. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í landi Hákonarstaða skv. kortlagningu 2023.

Almennt er lítið jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu nema á tæplega 1 ha (1,6%) þar sem eru rofabörð og vatnsrásir sem flokkast sem mikið rof. Um 13 ha (20,6%) flokkast með nokkurt rof og 49 ha (77,8%) með lítið rof (kort 109).



Kort 109. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í landi Hákonarstaða skv. kortlagningu 2023.


Mjög lítið er af lausum sandi á yfirborði og einungis á rofabarðasvæðinu norður undir Hnjúksvatni fer hlutfall hans yfir 10% (kort 110). Lífræn jarðvegsskán finnst um allt svæðið og er þekja hennar almennt uppi á melunum en annars staðar er útbreiðsla hennar ekki eins samfelld (kort 110).



Kort 110. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar á uppgræðslusvæðinu í landi Hákonarstaða skv. kortlagningu 2023 og laus sandur á yfirborði.

Víðir og lyng eru útbreidd á öllu svæðinu en aðrir vísitægundir s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu. Svæðið er almennt mjög lítið grýtt nema melarnir austast sem eru nokkuð grýttir.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er ekki þörf á frekari uppgræðslu í hlíðunum niður að Hnjúksvatni og á um 4 ha svæði uppi á melunum er uppgræðslu að mestu lokið. Annars staðar á svæðinu, á um 40 ha lands er lagt til ósamfellt viðhald (kort 111).



Kort 111. Uppgræðslumat á uppgæðslusvæðinu í landi Hákonarstaða skv. kortlagningu 2023.

3.21 Svæði 21 – Skjöldólfsstaðir

Uppgræðslusvæðið í landi Skjöldólfsstaða er austan við Gilsá, og teygir sig frá Hringveginum og norður með ánni (kort 2). Það er í um 450-500m hæð yfir sjávarmáli og einkennist af blásnum melakollum í rýru mólendi (mynd 105).



Mynd 105. Horft til suðurs yfir uppgæðslusvæðið á melunum við Gilsá.

Svæðið flokkast frá því að vera vel gróið, einkum þar sem borðið hefur verið á mólendissvæði, yfir í lítið gróið nyrst á uppgræðslusvæðinu þar sem einungis hefur verið farið einu sinni með áburð. Almennt má þó segja að svæðið sé fremur einsleitt þar sem megnið af svæðinu eru hálfgrónir melar (mynd 106).



Mynd 106. Hálfgrónir melar sem eru dæmigerðir fyrir uppgræðslusvæðið í landi Skjöldólfsstaða.


Á einum stað norðarlega á svæðinu eru rofabörð með talsverðu rofi (mynd 107) en annars staðar á svæðinu má sumsstaðar finna lítilsháttar rofabörð við jaðra melasvæðanna.



Mynd 107. Horft til norðausturs yfir uppgræðslur á melum í landi Skjöldólfsstaða. Rofabarðasvæði með talsverðu rofi fyrir miðri mynd.


3.21.1 Skjöldólfsstaðir - niðurstöður

Heildarstærð uppgræðslusvæðisins sem kortlagt var í landi Skjöldólfsstaða er um 89 ha. Um 22 ha (24,7%) eru vel grónir og 3 ha (3,4%) eru lítið grónir. Að öðru leyti flokkast svæðið sem hálfgróið og þar af eru 53 ha (59,5%) með yfir 50% gróðurþekju en 11 ha (12,4%) með undir 50% þekju (kort 112).



Kort 112. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í landi Skjöldólfsstaða skv. kortlagningu 2023.

Megin hluti uppgræðslusvæðisins flokkast með fremur lítið jarðvegsrof þar sem 4 ha (4,5%) teljast með lítið rof, 73 ha (82%) með nokkurt rof. Talsvert rof er svo á um 11 ha (12,5%) og ríflega 1 ha (1%) flokkast með mikið rof (kort 113).




Kort 113. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í landi Skjöldófsstaða skv. kortlagningu 2023.

Mjög lítið er af lausum sandi á yfirborði og fer hlutfall hans hvergi yfir 10%. Svæðið telst almennt lítið grýtt þó einstaka svæði innan þess séu nokkuð grýtt.


Stakar plöntur af víði finnast um svo til allt svæðið og lyng er útbreitt á öllu svæðinu og vex víða í breiðum eða eyjum. Aðrir vísitægundir s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu

Lífræn jarðvegsskán finnst á svo til öllu uppgræðslusvæðinu og er útbreiðsla hennar víðast hvar í eyjum (kort 114).

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu að mestu lokið á um 5 ha en annars staðar á svæðinu, á um 84 ha lands er lagt til ósamfellt viðhald (kort 115).



Kort 114. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar í landi Skjöldólfstaða skv. kortlagningu 2023.



Kort 115. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í landi Skjöldólfstaða skv. kortlagningu 2023.

3.22 Svæði 22 – Arnórsstaðamúli

Uppgræðslur í landi Arnórsstaða eru á tveimur svæðum. Annað svæðið er utan í Arnórsstaðamúlanum og það nær frá melum sem eru niður undir Jöklu og talsvert upp í hlíðar á Múlanum, allt upp í um 500 m h.y.s. Hitt svæðið er á melum inni á Jökuldalsheiðinni og það er í 580-620m h.y.s. (kort 2).

Svæðið inni á heiðinni einkennist að stórum hluta af lítið grónum, uppblásnum melum (mynd 108). Vel gróin svæði finnast þó við jaðra melasvæðanna og nyrsti hluti uppgræðslusvæðisins flokkast sem hálfgróinn (mynd 109).



Mynd 108. Horft til norðurs yfir lítið gróin uppgræðslusvæði á Jökuldalsheiði, í landi Arnórsstaða.



Mynd 109. Horft til norðvestur yfir hálf gróin uppgræðslusvæði í landi Arnórsstaða.

Efsti hluti uppgræðsluvæðisins í Arnórstaðamúla einkennist af lítið grónum melum (mynd 110) en neðar taka víða við hálfgróin svæði (myndir 111a og 111b).



Mynd 110. Lítið gróinn melur efst á uppgræðsluvæðinu í Arnórstaðamúla.




Mynd 111. Hálf gróin uppgræðsluvæði í landi Arnórstaða.

Inn á milli hálfgrónu svæðanna eru vel gróin svæði (myndir 112a og 112b), einkum í dældum þar sem meiri raki er og gróður hefur ekki eyðst.



Mynd 112. Vel gróin svæði neðarlega í Arnórstaðamúla (mynd a) og suður með Jökuldalsvegi (mynd b).

Neðan Jökuldalsvegar skiptast á hálfgróinir melar og algróin svæði (myndir 113a og 113b) en á nokkrum stöðum hafa eldri uppgræðslur eyðilagst vegna vegagerðar (mynd 114).




Mynd 113. Algróin svæði norðan Gilsár (mynd a) og milli hálfgróinna mela sunnan Gilsár (mynd b).



Mynd 114. Svæði þar sem uppgræðslur hafa eyðilagst vegna vegagerðar við nýjan Jökuldalsveg.


3.22.1 Arnórstaðamúli - niðurstöður

Heildarstærð uppgræðslusvæðisins sem kortlagt var í landi Arnórstaða er um 191 ha. Um 18 ha (9,4%) eru algrónir og 37 ha (19,4%) vel grónir. Ríflega þriðjungur svæðisins eða tæplega 67 ha (35,1%) flokkast sem hálfgrónir og þar af eru einungis 2 ha með undir 50% gróðurþekju. Um 53 ha (27,7%) teljast lítið grónir og 16 ha (8,4%) eru lítt eða ógrónir (kort 116).



Kort 116. Gróðurþekja á uppgræðslusvæðinu í landi Arnórstaða skv. kortlagningu 2023.

Nærri helmingur uppgræðslusvæðisins flokkast með talsvert jarðvegsrof eða 91 ha (47,7%), 74 ha (38,7%) teljast með nokkurt rof og á um 26 ha (13,6%) er lítið rof (kort 117).




Kort 117. Jarðvegsrof á uppgræðslusvæðinu í landi Arnórstaða skv. kortlagningu 2023.

Mjög lítið er af lausum sandi á yfirborði og fer hlutfall hans hvergi yfir 10%. Svæðið er víða nokkuð grýtt en vel grónu svæðin eru þó almennt lítið grýtt.


Stakar plöntur af víði finnast um svo til allt svæðið nema á melunum neðan Jökuldalsvegjar. Lyng er einnig útbreitt á svo til öllu svæðinu og vex víða í breiðum eða eyjum á vel grónu svæðunum. Aðrir vísitægundir s.s. birki, melgresi og lúpína finnast ekki á svæðinu

Lífræn jarðvegsskán finnst á svo til öllu uppgræðslusvæðinu nema á minnst grónu melasvæðunum og er útbreiðsla hennar víðast hvar í eyjum (kort 118).



Kort 118. Útbreiðsla lífrænnar jarðvegsskánar í landi Arnórstaða skv. kortlagningu 2023.

Samkvæmt uppgræðslumati Landgræðslunnar er uppgræðslu lokið á tæplega 21 ha og að mestu lokið á um 29 ha. Uppgræðslur hafa eyðilagst vegna vegagerðar á 6 ha en annars staðar á svæðinu, á um 135 ha lands er lagt til ósamfellt viðhald (kort 119).



Kort 119. Uppgræðslumat á uppgræðslusvæðinu í landi Arnórstaða skv. kortlagningu 2023.

4 Samantekt á niðurstöðum

Hér á undan hefur verið gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr kortlagningu á uppgræðslusvæðum Landbótasjóðs Norður-Héraðs sem gerð var 2022 og 2023. Einn liður í úttektinni var að leggja mat á það hversu langt uppgræðslur væru komnar á þessum svæðum. Heildarstærð kortlögðu svæðanna er 6.669 ha en í töflum 1-3 er samantekt á stærðum þess lands sem fellur í mismunandi flokka í uppgræðslumatinu. Í töflu 1 eru svæðin á áreyrum Jöklu, tafla 2 sýnir yfirlit yfir heiðarsvæðin sem kortlögð voru 2022 og í töflu 3 eru svæðin sem kortlögð

voru 2023 en á þeim hafa bændur verið að vinna á sínum jörðum með styrkjum úr Landbótasjóði Norður-Héraðs.

Tafla 1. Samantekt á flatarmáli (ha) mismunandi flokka í uppgræðslumati fyrir uppgræðslusvæði á áreyrum Jöklu sem kortlögð voru 2022.

Heiti svæðis	Lokið	Að mestu lokið	Ósamfellt viðhald	Árlegt viðhald	Skemmdar uppgræðslur	Engar uppgræðslur	Heildarstærð í ha
Hólmatunga	19	72	115	10	8	0	224
Bláeyri	8	2	4	0	2	0	16
Galtastaðeyrar ytri	23	0	48	71	14	0	156
Galtastaðeyrar syðri	16	13	26	0	17	0	72
Breiðamörk	12	0	7	0	15	0	34
Surtsstaðeyrar – Hallgerisstaðir	6	8	12	15	45	0	86
Litlibakki	11	0	26	5	23	0	65
Hrafnabjörg	6	0	9	0	12	0	27
Fossvellir/Veiðeyri	0	0	5	0	0	0	5
Samtals ha	101	95	252	101	136	0	685

Tafla 2. Samantekt á flatarmáli (ha) mismunandi flokka í uppgræðslumati fyrir uppgræðslusvæði Landbótasjóðs Norður-Héraðs á heiðarsvæðum sem kortlögð voru 2022.

Heiti svæðis	Lokið	Að mestu lokið	Ósamfellt viðhald	Árlegt viðhald	Skemmdar uppgræðslur	Engar uppgræðslur	Heildarstærð í ha
Jökuldalsheiði	33	62	529	87	0	81	792
Sænautasel	0	53	184	12	0	11	260
Grunnavatnsalda	22	21	795	89	9	2	938
Brú á Jökuldal	58	193	991	34	0	16	1.292
Vaðbrekka	41	12	29	0	0	0	82
Hrafnkelsdalur	72	19	62	0	2	0	155
Skænudalur	18	0	340	48	11	8	425
Faxahús	50	0	443	27	0	3	523
Glúmsstaðadalur	2	0	42	2	0	0	46
Laugarvellir	31	6	57	14	5	2	115
Laugarvalladalur	4	0	150	0	0	0	154
Hallarfjall	0	0	108	124	0	0	232
Samtals ha	331	366	3.730	437	27	123	5.014

Tafla 3. Samantekt á flatarmáli (ha) mismunandi flokka í uppgræðslumati fyrir uppgræðslusvæði Landbótasjóðs Norður-Héraðs, bændasvæði sem kortlögð voru 2023.

Heiti svæðis	Lokið	Að mestu lokið	Ósamfellt viðhald	Árlegt viðhald	Skemmdar uppgræðslur	Engar uppgræðslur	Heildarstærð í ha
Teigasel	18	50	50	0	0	0	118
Hnefilsdalur	6	13	48	0	0	1	68
Mælivellir	86	15	73	0	0	0	174
Merki	7	7	100	0	0	3	117
Klaustursel	0	7	58	0	0	0	65
Eiríksstaðir	17	18	50	0	0	0	85
Hákonarstaðir	19	4	40	0	0	0	63
Skjöldólfsstaðir	0	5	84	0	0	0	89
Arnórsstaðamúli	21	29	135	0	6	0	191
Samtals ha	174	148	638	0	6	4	970

Uppgræðslu telst lokið á alls 606 ha en það eru svæði þar sem gróðurþekja orðin það mikil og yfirborð það stöðugt að ekki er talin þörf á frekari inngrípum til að viðhalda áframhaldandi gróðurframvindu. Auk þess eru 609 ha þar sem uppgræðslu telst að mestu lokið en þó talin þörf á að bera á svæðið 1-2 sinnum á næstu 10 árum. Meginhluti svæðanna eða 4.620 ha þurfa ósamfellt viðhald þ.e. gróðurþekja er orðin talsverð og yfirborð svæða nokkuð stöðugt þannig að ekki eru líkur á að gróðri fari aftur frá ári til árs en þó ekki talið að svæði nái að viðhalda gróðurframvindu án frekari inngrípa. Þessi svæði eru mislangt komin í uppgræðsluferlinu en aðrar kortaupplýsingar, einkum um gróðurþekju en einnig rof og lausan sand á yfirborði, nýtast til að meta það og er því mikilvægt að hafa til hliðsjónar við forgangsröðun á aðgerðum.

Allvíða eða á 538 ha lands eru uppgræðslur það stutt á veg komnar að talin er þörf á árlegu viðhaldi næstu ár til að viðhalda þeirri gróðurframvindu sem komin er af stað. Í einhverjum tilfellum, einkum á áreyrum Jöklu mætti þó skoða hvort þessi svæði henta yfirleitt til uppgræðslu því þau liggja gjarnan að svæðum þar sem uppgræðslur hafa skemmst í flestum tilfellum vegna vatnságangs. Heildarstærð svæða þar sem uppgræðslur hafa skemmst er 169 ha en á 127 ha af kortlögðu svæðunum eru engar uppgræðsluaðgerðir.

Heimildir

Ása L. Aradóttir, Kristín Svavarsdóttir og Sigurður H. Magnússon 2006. Landnám víðis og árangur víðisáninga. Í *Innlendar víðitegundir: líffræði og notkunarmöguleikar í landgræðslu*, K. Svavarsdóttir (ritstj.), bls. 59-72. Landgræðsla ríkisins, Gunnarsholt.

Belnap, J. 2003. The world at your feet: desert biological soil crusts. *Frontiers in Ecology and the Environment* 1: 181-189.

Elín Fjóla Þórarinsdóttir. 2014. Kortlagning sem liður í endurheimt vistkerfa. Skrína 1: 5.

Ólafur Arnalds, Elín Fjóla Þórarinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ásgeir Jónsson, Einar Grétarsson & Arnór Árnason. 1997. Jarðvegsrof á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun Landbúnaðarins.

VIÐAUKI 1

Kortlagningarlykill apríl 2022

GRÓÐURSAMFÉLAG (grodursamfélag) undirnúmer eru **gróðurlendi** (grodurlendi)

- 2 (MS) Moslendi** Mosar þekja meira en helming af heildargróðureþekju og gefa landinu meiri svip en háplöntur
- 21 *Mosapemba*** (L5.2 melagambrovist og L5.3 hraungambrovist) Gamburmosar ríkjandi
- 22 *HéluMosagróður*** (L5.1 hélumosavist) Mosaskán ríkjandi, algengt í snjóðældum og á hálendi
- 3 (MO) Mólendi** Purrt gróðurlendi, gjarnan þýft. Jarðvegur fremur þurr en misþykkur
- 31 *Ríkt mólendi*** Meiri uppskera en í rýru mólendi vegna aukinnar hlutdeildar víðis, grasa og/eða blómplantna. Jarðvegur oftast þykkur og yfirborð oftast þýft. Undir ríkt mólendi falla gróðurlendisflokkarnir 311 – Lyngmói, 312 – Fjalldrapamói, 313 – Víðimói og 315 - Starmói
- 32 *Rýrt mólendi*** Þurrland móasvæði og melasvæði sem eru að gróa – lélegar beitarpöntur s.s. móasef, þursaskegg, krækilyng, bláberjalyng, sortulyng, beitleyng, fjalldrapi og jafnvel fléttur. Lítið af eftirsóttum beitarteg. s.s blómteg, starir (stinnastör) og grös. Svæði sem oft þarfnast landbóta. Undir 32 falla gróðurlendisflokkarnir 314 - Þursaskeggs- og sefmói og 516 - Fléttumói
- 4 (GL) Gras- og blómlendi** Jarðvegur oft þykkur, gras- og jurtagundir einkennandi
- 412 *Melgresi*** Melgresi ríkjandi eða einkennandi tegund
- 42 *Blómlendi*** Tvíkímblaða blómjurtir og burknar í samfelldu gróðurlendi
- 5 (SK) Kjarr og skóglendi** Kjarr - samfelldar breiður af kjarrgróðri 0,5-2m á hæð; skógur er yfir 2 m á hæð. Krónuþekja fullvaxins trjágróðurs skal þekja >10% af flatarmáli til að kallast skógur.
- 51 *Kjarrlendi*** Ríkjandi teg eru birki og gulvíðir en einnig grávíðir/loðvíðir, fjalldrapi ofl.
- 511 *Laufskógur*** **512 *Barrskógur*** **513 *Blandaður skógur***
- 6 (VO) Votlendi** Undir það flokkast deiglendi þar sem algengar teg. eru fífur, hrossanál og elfting. Einnig mýrar, flóar og vatnagróður
- 7 (RL) Ræktað land** Svæði sem hefur verið plægt, sáð í og nýtt í ræktun nytjaplantna þ.e. land sem nýtt er til garðyrkju, akuryrkju og túnræktar.
- 8 (BG) Bersvæðisgróður eða lítt gróið land** Notað um gróður á fyrstu stigum gróðurframvindu eða frumherjagróður sem ekki flokkast í ákv. flokk s.s melagróður og önnur blönduð gróðurlendi, oft alls óskyld - alltaf minna en 20% gróðurþekja
- 9 (OG) Auðnir** Fjölmargar yfirborðsgerðir en alltaf svo til alveg gróðurlaust land t.d sjávarsandar - gróðurþekja minna en 5%
- 10 (VAT) Vatn** Tjarnir, vötn og ár
- 11 (AN) Annað** s.s. vegir, þéttbýli, námur og annað manngert land

ÚTBREIÐSLA EINSTAKRA TEGUNDA:

Melgresi (utbreidslaMel)	311 <i>Lágir hólar, dreifðir</i>	312 <i>Lágir hólar, þéttir</i>	
1 <i>Breiður</i>	321 <i>Meðal hólar, dreifðir</i>	322 <i>Meðal hólar, þéttir</i>	
2 <i>Toppar</i>	331 <i>Háir hólar, dreifðir</i>	332 <i>Háir hólar, þéttir</i>	
Birki (utbreidslaBir)	Víðir (utbreidslaVid)	Lúpína (utbreidslaLup)	Lyng (utbreidslaLyng)
Belgjurtir (utbreidslaBelg) - aðrar belgjurtir en lúpína (smári, baunagras, giljaflækja, umfeðmingur)			
	1 <i>Breiður</i>	2 <i>Eyjar</i>	3 <i>Stakar plöntur</i>
Skán (utbreidslaSkan)	1 <i>Almenn útbreiðsla</i>	2 <i>Eyjar</i>	3 <i>Stakir blettir</i>

UPPGRÆÐSLA OG SKÓGGRÆÐSLA (uppgrædslaSkoggrædsla)

1 (A) <i>Áburðargjöf</i>	3 (S) <i>Skóggræðsla</i>
2 (G) <i>Uppgr. með sáning/gróðursetn.</i>	4 (GS) <i>Uppgræðsla og skóggræðsla</i>

GRÓÐURÞEKJA (grodurthekja)

1	Lítt eða ógróið	0-10% þekja			- gróðurþekja er metin (bæði há- og lágplantna)	
2	Lítið gróið	11-33% (meðalþekja 25%)				
3	Hálfgróið	34-66% (meðalþekja 50%)	31	34-50%	32 51-66%	niður við svörð, - skiptir aðallega máli við mat á melgresi
4	Vel gróið	67-90% (meðalþekja 75%)				
5	Algróið	91-100% þekja				

GRJÓT Í YFIRBORÐI (grjotYfirbord)

1	Grýtni engin	0 %			
(2)	Lítið grýtt	(1 - 33 %)			- grjót er hér skilgreint sem steinar sem eru a.m.k. 6,4-20 cm í þvermál
	21 Mjög lítið grýtt	1 - 10 %			
	22 Nokkuð grýtt	11 - 33 %			
(3)	Grýtt	(34 - 100 %)			
	31 Talsvert grýtt	34 - 66 %			
	32 Mjög grýtt	67 - 90 %			
	33 Afar grýtt	91 - 100 %			

SANDUR / VIKUR / LEIR Í YFIRBORÐI (sandurYfirbord)

0	Enginn sandur á yfirborði	0 %			
1	Mjög lítil s. á yfirborði	1 - 10 %	11	1-5%	12 6-10%
2	Lítill sandur á yfirborði	11 - 33 %	21	11-20%	22 21-33%
3	Talsverður sandur á yfirborði	34 - 66 %	31	34-50%	32 51-66%
4	Mikill sandur á yfirborði	67 - 90 %			
5	Mjög mikill sandur á yfirborði	91 - 100 %			

- sandur / vikur er skilgreindur sem efni sem getur fokið

YFIRBORÐSGERÐ (yfirbordsgerd) **SKRÁ VISTGERÐIR ÞAR SEM GRÓÐURÞEKJA ER < 50%**

sa - sandar	vi - vikrar	vb - uppþornaðir vatnsbotn	ey - þurrar áreyrar
le - blautar áreyrar	me - melar	kl - klappir/klettar	gt - stórgrýti
sk - skriður	hr - hraun	mo - moldir	fl - flag

MÖGULEGAR AÐGERÐIR (mogulegarAdg)

A - áburðargjöf nægir **F** - fræ nauðsynlegt

JARÐVEGSROF

Rofflokkar 1-5. Jarðvegsrof er metið eftir magni og útbreiðslu rofs. Það er flokkað í fimm flokka þar sem 1 er ekkert rof og 5 er mjög mikið rof.

a - Áfoksgeirar	b - Rofabörð	d - Dílarof	k - Skriður	j - Jarðsil
s - Sandur	sm - Sandmelur	m - Melar	h - Hraun	o - Moldir
v - Vatnsrof	sh - Sandhraun		c - Grjóturðir -scree	

Mela og sandmela má aðgreina með því að stinga skótánni niður í jarðveginn, ef yfirborðið er fast fyrir og ekki sandur í yfirborðinu þá er þetta melur en ef jarðvegurinn er sendinn þó yfirborðið sé nokkuð stöðugt þá sandmelur 3. Ef laus sandur sést í skjóli steina þá sandmelur 4-5

ÞRÓUN (RATE) Á ROFI / LANDHNIGNUN segir til um þær breytingar eða þróun sem hefur átt sér stað síðustu ár (5-10 ár)

2	talsvert jákvæð þróun (rof minnkað)	-2	neikvæð þróun (rof aukist)
1	hæg jákvæð þróun	-1	hæg neikvæð þróun
0	engin breyting		

UPPGRÆDSLUMAT

1	Engar	2	Nýjar (1-2 ára)	3	Árlegt viðhald
4	Ósamfellt viðhald (á 3-5 ára fresti)	5	Uppgræðslu lokið		

Yfirborðsgerð

Með yfirborðsgerð er átt við ógróna hluta yfirborðsins. Gerð yfirborðs er flokkað þar sem þekja gróðurs er undir 66%

Sandur	sa	Fíngerður sandur þekur yfirborðið en smásteinar geta einnig verið dreifðir um sandinn. Kornastærð er 0.063-2 mm að þvermáli (Þorleifur Einarsson 1991). L1.5 - Sanda- og vikravist L1.6 - Landmelhólavist L7.1 - Sandstrandarvist L7.3 - Strandmelhólavist
Vikur	vi	Landsvæði þakið vikurlagi, en vikur eru frauðkenndir og harðstorknaðir molar sem þyrlast upp í gosum (Þorleifur Einarsson 1991). L1.6 - Sanda- og vikravist
Þurrar áreyrar	ey	Áreyrar eru hallalítill og tiltölulega slétt svæði sem liggja meðfram ám eða vötnum og getur flætt yfir þau í vatnavöxtum. Þetta eru sand- eða malarsvæði sem eru þurr. L4.1 - Eyravist
Blautar áreyrar	le	Áreyrar eru hallalítill og tiltölulega slétt svæði sem liggja meðfram ám eða vötnum og getur flætt yfir þau í vatnavöxtum. Þetta eru sand- eða malarsvæði sem eru blaut. L4.1 - Eyravist
Uppþornaðir vatnsbotnar	vb	Vatsbotnar sem þornað hafa upp
Melar	me	Flestir melar eru annaðhvort jökulruðningar eða árset. Yfirborð er oft lárétt, öldótt eða lítið hallandi, oftast þakið mól og misstórum steinum. Undir grófu yfirborðinu er víða öskublandin áfoksmold eða sandur. Jarðvegur óstöðugur og næringarsnauður, einkum af köfnunarefni og fosfór. Venjulega gegndreypir og fremur þurrir. L1.1 - Eyðimelavist L1.2 - Grasmelavist L1.3 - Mosamelavist L1.4 - Víðimelavist L7.2 - Malarstrandarvist
Klettur klappir	og kl	Yfirborð er þakið klettum eða klöppum.
Stórgrýti	gt	Yfirborð er þakið stórgrýti.
Skríður	sk	Svæði sem að mestu er þakið lausu grjóti og oft í bröttum fjallshlíðum. Svæði þar sem jarðefni hafa hreyfst undan halla, frá hærri til lægri staðar í átt að jafnvægi og kyrrstöðu. L3 skríður og klettur
Hraun	hr	Bergkvika frá nútíma sem storknað hefur á yfirborði jarðar. L6.1 - Eyðihraunavist (L6.2 - Fléttuhraunavist L6.3 - Mosahraunavist L6.4 – Lynghraunavist)
Moldir	mo	Moldir eru lítt gróin fremur þurr svæði sem myndast þar sem gróðurþekja hefur eyðst við jarðvegsrof svo eftir stendur nánast ber áfoksjarðvegur. Yfirborð molda er sérlega óstöðugt einkum vegna rofs og frostlyftingar L2 Moldir



VIÐAUKI II

Kortlagning - uppgræðslumat

Janúar 2023

Landgræðslan hefur í mörg ár kortlagt landgræðslusvæði skv. kortlagningarlykli sem hannaðar var til að meta ástand svæða. Kortlagningin er alfarið unnin með sjónrænu mati og byggir á því að geta lesið og skilið þær vísbendingar sem ásýnd landsins gefur um ástand þess.

Kortlagningin snýr fyrst og fremst að ýmsum þáttum er varða gróðurfar, yfirborðsgerð og jarðvegsrof og hvernig samspil þessara þátta segir til um ástand gróðurs, eiginleika jarðvegs og það hversu stöðugt yfirborðið er. Jarðvegsrof er metið með sama hætti og gert var við kortlagningu jarðvegsrofs á Íslandi (Ólafur Arnalds o.fl. 1997) þ.e. rofgerðir og virkni rofs. Varðandi gróðurfarið er lagt mat á heildar gróðurþekju og helstu gróðurflokka en jafnframt eru skráðar ákveðnar vísitægundir sem eru mikilvægar í landgræðslustarfi og útbreiðsla þeirra. Einnig eru metnir ákveðnir þættir sem hafa áhrif á val á uppgræðsluaðgerðum s.s. þekja grjóts og sands á yfirborði (Elín Fjóra Þórarinsdóttir 2014).

Upphaflega var kortlagningin ætluð til að meta ástand svæða áður en uppgræðsluaðgerðir hefjast m.a. til að leggja mat á þætti sem hamla framvindu. Á síðustu árum hefur hún þó í auknum mæli einnig verið nýtt til að meta framvindu og árangur uppgræðslustarfs og þannig nýst sem verkfæri til að skipuleggja frekari framkvæmdir. Í dag er kortlagningin því nýtt annars vegar til að meta upphafsástand og til áætlunargerðar fyrir framkvæmdir, og hins vegar er endurkortlagning notuð til að meta árangur uppgræðslustarfs og endurmeta þannig áætlanagerð með hliðsjón af framgangi verkefna.

Til að mæta þessum þörfum var bætt við kortlagningarlykilinn matskerfi til að nota með öðrum kortlagningargögnum þar sem lagt er mat á uppgræðslur, einkum þar sem markmið uppgræðslunnar er að koma á samfelldri og stöðugri gróðurþekja á lítið gróin eða ógróin svæði. Uppgræðslunnar er metnar m.t.t. þess hversu langt uppgræðslustarfið er komið þ.e. allt frá svæðum þar sem uppgræðslustarf er ekki hafið (engar uppgræðslur) til þess að svæði séu orðin það vel gróin og yfirborð þeirra stöðugt að talið er að ekki sé þörf á frekari inngripum (uppgræðslu lokið).

Matsskali fyrir uppgræðslur:

1 Engar uppgræðslur

- Engin sýnileg merki um uppgræðslur

2 Nýjar uppgræðslur (1-2 ára)

- Uppgræðslur sem greinilega eru fyrstu aðgerðir á svæði, oft nýjar sáningar

3 Uppgræðslur sem þurfa árlegt viðhald

- Uppgræðslur þar sem gróðurþekja er oftast fremur gisin og yfirborð svæða er það óstöðugt að nauðsynlegt er að vinna árlega á svæðinu til að viðhalda þeirri gróðurframvindu sem komin er af stað með uppgræðsluaðgerðum

4 Uppgræðslur sem þurfa ósamfellt viðhald á u.þ.b. 3 til 5 ára fresti

- Uppgræðslur þar sem gróðurþekja er orðin talsvert mikil og yfirborð svæða er orðið nokkuð stöðugt þannig að ekki eru líkur á að gróðri fari aftur frá ári til árs en þó er ekki talið að svæði nái að viðhalda gróðurframvundinni án frekari inngripa

5 Uppgræðslu lokið

- Uppgræðslur þar sem gróðurþekja er orðin það mikil og yfirborð stöðugt þannig að talið er að ekki sé þörf á frekari inngrípum til að viðhalda gróðurframvindu

6 Skemmdar uppgræðslur

- Uppgræðslur sem hafa skemmst t.d. vegna þess að vatn hefur flætt yfir þær og þetta því oftast svæði sem henta illa til uppgræðslu

1 Engar uppgræðslur



Eyvindarstaðaheiði. Ljósmynd GHI



Þeistareykir. Ljósmynd EFP

2 Nýjar uppgræðslur (1-2 ára)



Eyvindarstaðaheiði. Ljósmynd GHI



Grænavatnsbruni. Ljósmynd EFP

3 Uppgræðslur sem þurfa árlegt viðhald



Eyvindarstaðaheiði. Ljósmynd GHI



Búðaháls. Ljósmynd EFP

4 Uppgræðslur sem þurfa viðhald á 3 til 5 ára fresti



Eyvindarstaðaheiði. Ljósmynd GHI



Eyvindarstaðaheiði. Ljósmynd GHI

5 Uppgræðslu lokið



Eyvindarstaðaheiði. Ljósmynd GHI



Grímsstaðir. Ljósmynd EFP